



# NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Ársskýrsla



14. starfsár 2022 – 2023

## Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir fjórtánda starfsár Naustaskóla, 2022-2023. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Bryndís, skólastjóri

---

## Stefna Naustaskóla

Stefna skólans er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra í upphafi skólastarfsins, á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>. Skólaárið 2013-2014 fór fram endurskoðun á áherslum skólans með hliðsjón af nýrri Aðalnámskrá grunnskóla og voru þá áherslur í stefnu skólans settar fram sem markmið og viðmið um starfshætti eins og sjá má hér á eftir. Skólaárið 2018-2019 urðu smá breytingar á stefnu skólans á þann hátt að umsjónarhópar urðu hreinir. Þ.e.a.s kennarar voru með umsjón í t.d. 4.bekk en ekki í 4.-5. bekk eins og áður var.



## **Hlutverk**

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

## **Framtíðarsýn**


Að Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagi.

## Áherslur skólans

### Námsaðlögun

#### Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
  - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra
  - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum
  - Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum
  - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
  - Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
  - Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega
- **Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt**
  - Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans
  - Allir nemendur lesa á hverjum degi
  - Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt
- **Nemendur rækti sköpunarhæfileika sína**
  - Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu
  - Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt
  - Leikur er nýttur sem kennsluáðferð
  - Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar
- **Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum**
  - Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni
  - Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur
  - Á mið- og unglíngastigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa val um leiðir í náminu
  - Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirra



## **Athvarf**

### **Markmið / viðmið um starfshætti:**

- **Nemendum líði vel í skólanum**
  - Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjusamt og vingjarnlegt við nemendur
  - Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi
  - Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum
  - Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum
- **Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi**
  - Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum
  - Námsgögn eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda
  - Námsgögn allra aldurshópa innihalda m.a. bóka/lestrarkróa, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausnastað, rólegt svæði, hópavinnusvæði o.s.frv.
  - Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins
  - Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt
  - Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu
- **Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi**
  - Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á
  - Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tæk eru á
    - Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn
- **Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins**
  - Skólinn stendur fyrir viðburðum fyrir íbúa hverfisins og veitir aðstoðu fyrir slíka viðburði
  - Skólinn og hverfisnefnd eiga með sér gott samstarf

## **Umhyggja og virðing**

### **Markmið / viðmið um starfshætti:**

- **Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti**
  - Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólalastarfinu
  - Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi

Nemendur og starfsfólk þekkir og fylgir skólasáttmála

- Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís
- Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi
- Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum
- Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum
- **Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum**
  - Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum
  - Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra
  - Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og umhyggju
  - Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað
- **Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti**
  - Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda
  - Skólinn vinnur markvisst að því að öðlast / endurnýja Grænfánann

## **Samvinna**

**Markmið / viðmið um starfshætti:**

- **Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum**
  - Allir starfsmenn skólans vinna í teyllum
  - Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir
- **Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum**
  - Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda
  - Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum
  - Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftast eftir þörfum
- **Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna**
  - Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans
  - Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans
  - Viðeigandi starfs-, kennslu- og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef

- **Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu**
  - Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirbyggjandi gögnum
  - Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans
  - Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu
  - Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta
  - Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst í teymiskennslunni
- **Nemendur læra markvisst að vinna saman**
  - Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda
  - Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólaþingi eldri nemenda árlega

### **Táp og fjör**

#### **Markmið / viðmið um starfshætti**

- **Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel**
  - Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu
  - Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni
  - Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega
  - Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkvöld og fl.
- **Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð**
  - Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu
  - Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi
  - Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda
  - Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

### **Allir með!**

- **Í námi**
- **Í starfi**
- **Í leik**
- **Í ákvörðunum**
- **Til góðra verka**

### **Naustaskóli 2022-2023**

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala 530109-0110

Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111

Netfang: [naustaskoli@akureyri.is](mailto:naustaskoli@akureyri.is)

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Bryndís Björnsdóttir

Deildarstjórar: Aðalheiður Skúladóttir og Margrét Rún Karlsdóttir

Fjöldi nemenda: 386

Fjöldi starfsmanna: 80

### **Húsnæðismál**

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk, fyrstu árin bættust við einn árgangur, um 50 nemendur á ári. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 í 1.-10. bekk, en þá var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Nemendum í skólanum fjölgar enn og voru á liðnu skólaári, 2018-2019, tæplega 400 talsins. Í skólahúsnæðinu hafa verið auk grunnskólastarfsins, tvær deildir leikskólanum Naustatjörn frá haustinu 2012 en ein deild árin 2012. Leikskóladeildirnar bera nöfnin Fífilbrekka og Sunnhvoll og þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt.



frá  
2009-

Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrri áfangi skólahúsnæðisins og hafði hann að geyma heimasvæði 1.-7. bekkjar, Frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu. Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglíngastígs, verkgreinastofur, miðrymi (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Stjórnunarálma var tekin í notkun haustið 2015 og íþróttahús skólans haustið 2016. Þá er skólalóð Naustaskóla loks að verða tilbúin en áætlarnir gera ráð fyrir að hún verði kláruð nú í sumar. Talsvert rask hefur fylgt þessari miklu uppbyggingu en nú er skólinn fullbyggður sem er mikið fagnaðarefni.

Vorið 2015 var tekin ákvörðun um að hýsa framangreindar leikskóladeildir í húsnæði Naustaskóla



til frambúðar og slá þannig af um óákveðinn tíma fyrirhugaða byggingu annars leikskóla í hverfinu, en fram að því hafði vera leikskóladeildanna verið hugsuð sem tímabundið úrræði.

Vegna þessa var farið í nokkra endurskipulagningu innanhúss í skólanum á vordögum og um sumarið 2015, frístund og tónmenntastofa flutt o.fl.

Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.



ÚTLIT VESTUR



ÚTLIT NORÐUR



ÚTLIT AUSTUR



ÚTLIT SUÐUR

**Skólinn í tölum**

	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15	15-16	16-17	17-18	18-19	19-20	20-21	21-22	22-23
Fjöldi nemenda	200	241	295	328	335	372	370	395	399	385	386		373
Fjöldi almennra kennslustunda	378	445	589	620	654	672	696	720	720	720	720		
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,890	1,846	1,996	1,890	1,952	1,806	1,881	1,827	1,827	1,87	1,87		
Fjöldi sérkennslustunda	84	86	91	80	105	115	111	95	95	108	141		
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,420	0,357	0,308	0,244	0,313	0,309	0,3	0,24	0,24	0,29	2,7		
Fjöldi umsjónarkennara	12	15	17	17	17	20	20	21	21	22	23		23
Meðaltal nemenda pr.umsj.kennara	16,67	16,07	17,35	19,29	19,71	18,60	18,50	18,81	19,0	17,5	16,8		16,2
Fjöldi barna í Frístund	71	76	81	86	89	95	92	80	82	91	91		
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,61	1,81	1,88	1,88	2,63	2,63	2,63	2,94	2,94	2,94	2,94		2,94

Fjöldi stöðugilda í kennslu	17,76	20,42	26,15	26,92	29,19	30,27	30	33,3	33,3	35	35		
Kynjahlutföll starfsm kvk/kk %	74 / 26	75 / 25	80 / 20	82 / 18	79 / 21	76 / 24	55/15	81/19	82/16	83/14	80 13 KK 67 KVK		79/16
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	2,93	2,58	4,58	3,90	3,80	3,23	3,33	8,2	8,5	8,4	5,49		
Stöðugildi skólaliða	3,64	3,82	5,23	6,09	6,34	6,78	8,85	8,5	8,2	8,3	7,54		
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,40	0,40	0,55	0,55	0,75	0,75	0,65	0,65	0,65	0,65	0,75		0,80
Stöðugildi vegna Frístundar	2,24	2,81	2,81	2,81	2,43	2,85	2,85	2,39	2,51	2,51	2,42		

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

Stöðugildi vegna bókasafns	0,50	0,80	0,80	0,80	0,80	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
Stöðugildi vegna eldhúss	1,74	1,50	1,50	1,50	1,50	1,5	1,50	2,21	2,21	2,21	2,41
Stöðugildi vegna húsvörslu	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,80	0,80	0,80	0,80	0,80	0,8	1	1	1	1	1
Tölvur alls	50	61	128	128	130	163	163	ca. 200	ca. 250	c.a 300	Ca 350
Tölvur fyrir nemendur	30	33	87	87	87	114	114	ca. 150	ca. 200	c.a 250	Ca 300
Nemendur pr tölvu	6,67	7,30	3,39	3,77	3,85	3,26	2,26	1,98	1,66	1,54	1,54
Tölvur í stjórnun og kennslu	20	28	41	41	43	49	52	50	63	65	65

Hlutfall nemenda í mötuneyti	97%	96%	89%	89%	93%	93%	82%	82%	81%	82%	79%
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	79%	74%	74%	75%	76%	73%	57%	47%	47%	38%	39%
Meðaltal samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	26,55	29,70	23,30	24,25	30,17	27,3	29,6	27,8			
Meðaltal samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	24,15	24,20	28,75	27,22	32,05	30,5	28,97	27,65			
Meðaltal samr.pr. í 10.b(mt. ís/stæ) (9. b.	-	-	29,83	29,77	23,81	27,6	27,03	-	-		
Stærð húsnæðis	2338 m <sup>2</sup>	2338 m <sup>2</sup>	4500 m <sup>2</sup>	4500 m <sup>2</sup>	4500 m <sup>2</sup>	4800 m <sup>2</sup>	5860 m <sup>2</sup>	5860 m <sup>2</sup>	5860 m <sup>2</sup>	5860 m <sup>2</sup>	5860 m <sup>2</sup>

## Nemendur

*Þessar tölur eiga við lok skólaársins. Þeir nemendur sem eru fluttir eða sótt hafa um flutning í aðra skóla teljast ekki með í þessum lista.*

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1.	7	7	14	Vala Björt Harðardóttir
1.	7	7	14	Sigríður Jóna Ingólfssdóttir
2.	13	4	17	Hrönn Rúnarsdóttir
2.	10	6	16	Sigríður Hulda Arnardóttir
3.	6	11	17	Elvý Guðríður Hreinsdóttir
3.	7	8	15	Sunna Alexandersdóttir
4.	7	9	16	Særún Magnúsdóttir/
4.	9	12	21	Sandra Aðalsteinsdóttir Katrín Lóa Traustadóttir
5.	13	10	23	Paula María Pálsdóttir
5.	9	14	23	Unnur Ósk Unnsteinsdóttir
6.	8	10	18	Katrín Júlía Pálmadóttir
6.	11	6	17	Harpa Friðriksdóttir
7.	13	8	21	Sunna Friðþjófsdóttir
7.	10	13	23	Arna Ýr Guðmundsdóttir
8/9/10.	11	7	20	Ása Katrín Gísladóttir
8/9/10.	12	7	20	Andri Snær Stefánsson
8/9/10.	10	8	18	Björn Benedikt Benediktsson
8/9/10.	9	9	19	Íris Berglind C. Jónsdóttir
8/9/10.	11	8	19	Katrín Ágústa Thorarensen
8/9/10.	10	8	20	Magnús Jón Magnússon
8/9/10.	9	9	21	Sigurlaug Indriðadóttir
	<b>202</b>	<b>181</b>	<b>383</b>	

**Árgangaskipting: Drengir: Stúlkur: Alls:**

Árg. 2005 (10.b.)	34	17	51
Árg. 2006 (9.b.)	27	20	47
Árg. 2007 (8.b.)	21	19	40
Árg. 2008 (7.b.)	23	21	41
Árg. 2009 (6.b.)	19	16	39
Árg. 2010 (5.b.)	22	24	45
Árg. 2011 (4.b.)	16	21	35
Árg. 2012 (3.b.)	13	19	33
Árg. 2013 (2.b.)	23	10	31
Árg. 2014 (1.b.)	14	14	34
	<b>202</b>	<b>181</b>	<b>383</b>

**Starfsmenn**

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
Aðalheiður Skúladóttir	deildarstjóri	stjórnun
Alda Ómarsdóttir	kennari	heimilisfræði
Alen Bicardo Penaloza Jimenez	skólaliði	gæsla/ræsting
Amra Boobi	skólaliði	mötuneyti
Andrea Laufey Hauksdóttir	Umsj. frístund	frístund
Andri Snær Stefánsson	kennari	8.-9.-10. bekkur
Anna Aðalsteinsdóttir	Aðstoðar matráður	mötuneyti
Anna Kristín Sverrisdóttir	kennari	smíðar
Anna Kristinsdóttir	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
Arna Ýr Guðmundsdóttir	kennari	4.-5. bekk
Atli Örn Þórðarson	skólaliði	ræsting/gæsla
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	kennari	8.-9.-10. bekkur
Berglind Bergvinsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Bjarni Friðgeirsson	skólaliði	frístund
Björn Benedikt Benediktsson	kennari	8.-9.10. bekkur
Bryndís Björnsdóttir	skólastjóri	stjórnun
Brynjar Hermannsson	umsjónarmaður	húsvarsla
Dagný Gunnarsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Daníel Ben Önnuson	stuðningsfulltrúi	1. bekkur
Daníela Guðlaug Hanssen	kennari	íþróttakennari
Diljá Dögg Gunnarsdóttir	kennari	1. bekkur
Díana Lind Rúnarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting

Dögg Stefánsdóttir	kennari	stunda- og forfallak.
Elín Hulda Einarsdóttir	kennari	heimilisfræði
Elva Rósa Helgadóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Elvý Guðríður Hreinsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Erla Hrund Friðfinnsdóttir	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur
Erla Jónatansdóttir	leiðbeinandi	4.-5. bekkur
Erna Kristín Sigmundsdóttir	Forst. frístundar	frístund
Fanney Margrét Karlsdóttir	skólaliði	frístund
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	stuðningsfulltrúi	8.-10. bekkur
Halla Jóhannesdóttir	kennari	myndmenntakennsla
Halldóra Steinunn Gestsdóttir	skólaliði	bókasafn
Haraldur Björnsson	tölvuumsjónarmaður	tölvur
Harpa Friðriksdóttir	kennari	6.-7. bekk
Harpa Hilmarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
Inga Vala Magnúsdóttir	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekk
Ingunn Heiðdís Yngvadóttir	iðjubjálfi	stoðkennari 8.-10. bekk
Íris Berglind C Jónasdóttir	kennari	8.-9.-10. bekkur
Ívar Þór Ottósson	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
Jóhanna Kristín Gunnlaugsd.	kennari	forfallakennsla
Jóna Sigurdís Svavarsdóttir	stuðningsfulltrúi	1. bekkur / frístund
Katrín Ágústa Thorarensen	kennari	8.-9.-10. bekkur
Katrín Júlía Pálmadóttir	kennari	6.-7. bekkur
Katrín Lóa Traustadóttir	leiðbeinandi	4.-5. bekkur
Kolbrún Sigurðardóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
Kolbrún Sigurgeirsdóttir	kennari	ÍSAT
Kristín Margrét Gísladóttir	kennari	ÍSAT
Kristín Sigurðardóttir	stuðningsfulltrúi	leyfi
Kristjana Sigurgeirsdóttir	skólaritari	skólaritari
Lilja Þorkelsdóttir	kennari	1. bekkur/smiðjur
Magdi Mohammed A. A. Al-Salemi	skólaliði	frístund
Magnús Jón Magnússon	kennari	8.-9.-10. bekkur
Margrét Rún Karlsdóttir	deildarstjóri	stjórnun
Mercy Johnson	skólaliði	mötuneyti
Myna Saif Eddin	skólaliði	mötuneyti / leyfi
Nabila Tatoi El Hasnaouy	skólaliði	mötuneyti / orlof
Ninna Rún Vésteinsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Olena Borysova	skólaliði	gæsla/ræsting
Olha Borysova	skólaliði	gæsla/ræsting
Oscar Fernandez Celis	stuðningsfulltrúi	ÍSAT
Paula María Pálsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Sandra Aðalsteinsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Sandra Dís Leifsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting/ orlof



Sigurður Jóhannsson	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur
Sigmundur Birgir Skúlason	kennari	íþróttakennsla
Sigríður Hulda Arnardóttir	kennari	2.-3. bekkur
Sigríður Jóhannesdóttir	kennari	sérkennsla
Sigríður Jóna Ingólfssdóttir	kennari	1. bekkur
Sigurgeir Ólafsson	matreiðslumaður	mötuneyti
Sigurlaug Indriðadóttir	kennari	8.-10. bekk
Steindór Máni Björnsson	stuðningsfulltrúi	1. bekkur
Sunna Alexandersdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Sunna Friðþjófsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Svanbjörg Sverrisdóttir	stundakennari	myndmennt/tónmennt
Svandís Þóroddsdóttir	skólaliði	leyfi
Særún Magnúsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Unnur Ósk Unnsteinsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Vala Björt Harðardóttir	kennari	1. bekkur
Valdís Rut Jósavinsdóttir	kennari	textílmennt
Védís Elva Þorsteinsdóttir	skólaliði	4.-5. bekkur
Þorgerður Hauksdóttir	hjúkrunarfræðingur	hjúkrun
Þóra Ýr Sveinsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Þórey Sjöfn Sigurðardóttir	Íþróttakennsla	íþróttakennsla
Þuríður Jóna Aradóttir	Stuðningsfulltrúi	frístund
Þuríður Lilja Rósenbergisdóttir	námsráðgjafi	ráðgjöf

### Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

Í byrjun september var útivistardagur þar sem nemendur og starfsfólk skemmtu sér saman í útiveru s.s fjallgöngu, hjóltúra og sull á Hömrum var það vel heppnaður dagur án nokkurra takmarkanna.

Olympíuhlaupið var 23. september og gekk vel að vanda. Þemadagar voru haldnir 18-20. Nóvember þar sem unnið var með réttindi barna en Naustaskóli er komin langt í innleiðingu Réttindaskóla barna. Teymi unnu inn á sínum svæðum þar sem blöndun námshópa var ekki í boði, þessir dagar voru afar sekmmtilegir og afraksturinn fallett listaverk sem nemendur unnu úr frá barnasáttmálanum.

Litlu jólin voru þann 21. desember og voru þau einnig inn á svæðum vegna ástandsins í þjóðfélaginu en nemendur nutu sín vel.

Hefðbundið skólastarf hófst svo að jólafríi loknu en takmarkanir voru þó á að foreldrar komu ekki inn í skólann eins og áður hefur verið.

Nemendur í 4. bekk tóku þátt í Litlu upplestrarkeppninni og nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni í vetur. Nemendur skólans stóðu sig mjög vel og Jóhann Valur Björnsson vann upplestrakeppnina þetta árið fyrir hönd skólans í 7. bekk sem fram fór í sal Menntaskólans Á Akureyri.

Rökræðukeppni á unglingsstigi var haldin í lok maí og gekk hún afar vel.

Haldin var brunaæfingar fyrir starfsfólk og nemendur á skólaárinu, við tókum þátt í degi gegn einelti, hlupum norræna skólahlaupið og söfnuðum góðri upphæð til styrktar UNICEF – á unicefdeginum.

Einstökum árgöngum skólans var boðið á ýmsar uppákomur á vegum listasafnsins, akureyrarbæ o.fl. – sem við þáðum með þökkum. Einnig fór 6. bekkur í siglingu og veiðiferð með Húna.

Vorþemadagarnir fóru fram 3. og 4. júní og voru mjög vel heppnaðir. Veðrið var mjög gott og allir skemmtu sér vel.

Nemendur í 10. bekk fóru í þriggja daga útskriftarferð í lok maí.

Ýmislegt fleira dreif á daga okkar í Naustaskóla í vetur og reynum við að segja frá því flestu á heimasíðu skólans.

Á skóladagatali koma fram þeir dagar sem nemendur eiga að sækja skóla, hvaða daga er vikið frá venjulegum skóladegi og hvaða daga nemendur fá leyfi.

- 15.- 19. ágúst vinna starfsmenn að undirbúningi skólastarfsins og sækja námskeið og fræðslufundi.
- 22. ágúst hefst skólastarfið með skólaásetningu og viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkjar.
- Kennsla skv. stundaskrá hefst þriðjudaginn 23. ágúst. Kennsla hjá 1. bekk hefst miðvikudaginn 24. ágúst.
- Mánudaginn 5. september er útivistardagur. Nemendur fara í gönguferðir, hjólaferðir, veiðiferðir, í leiki á Hömrum o.fl.

- Föstudaginn 30. september er starfsdagur og Frístund lokuð eftir hádegi.
- Í september og október mæta foreldrar til morgunfunda með kennurum þar sem starf vetrarins er kynnt.
- Vikuna 10.-14. október er 7. bekkur á Reykjum.
- 21. og 24. október er haustfrí. Frístund opin fyrir þá sem eru skráðir.
- Þriðjudaginn 10. nóvember verða foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara
- Föstudaginn 11. nóvember er starfsdagur – Frístund lokuð.
- Mánudaginn 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu en þá hefst undirbúningur fyrir upplestrarkeppnina Upphátt.
- Dagana 21.-23. nóvember eru Þemadagar þar sem unnið verður með Barnasáttmálann og réttindi barna.
- Mánudaginn 30. nóvember er Skreytingardagur.
- Þriðjudaginn 13. desember Jólþemadagur þar sem hinar ýmsu föndurstöðvar eru í boði.
- Mánudaginn 20. desember eru litlu-jólin og jólafrí nemenda hefst. Kennsla að loknu jólaleyfi hefst þriðjudaginn 3. janúar.
- Mánudaginn 2. janúar er starfsdagur – Frístund lokuð
- Vika jákvæðs aga verður 16.-19. janúar
- Mánudaginn 20. og þriðjudaginn 21. febrúar verða foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara.
- 23.-24. febrúar er vetrarfrí. Frístund opin eftir hádegi.
- 29. og 30. mars er Árshátíð Naustaskóla
- 31. mars hefst páskafrí nemenda. Kennsla að loknu páskafrí hefst þriðjudaginn 11. apríl.
- Fimmtudaginn 20. apríl er sumardagurinn fyrsti.
- Dagana 23. – 26. maí er skólaferðalag 10. bekkjar
- Vorþemadagar eru 30.-31. maí
- Mánudagurinn 5. júní eru skólaslit. Frístund lokuð.
- **Frístund er opin alla virka daga frá skólasetningu til skólaslita – nema þá daga**

**sem eru sérstaklega auglýstir.**

Skóladagatal Naustaskóla fyrir skólaárið 2022-2023 má sjá á næstu blaðsíðu.



## **Stjórnun og skipurit**

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Frá hausti 2014 jókst stjórnunarhlutfall við Naustaskóla og frá þeim tíma bættist við staða deildarstjóra og eru því stjórnendur skólans orðnir þrír talsins. Gengið var út frá ákveðnu skipuriti en stjórnendur skiptu síðan með sér verkum á ýmsan hátt t.d. varðandi samskipti og umsjón með starfsmannateyllum.

---

## **Skólaráð**

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra og deildarstjóra en skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess.

Vegna tilmæla frá almannavörnum um takmörkun á skólastarfi vegna Covid voru haldnir fimm skólaráðsfundir þetta skólaárið.

Í skólaráði 2022-2023 sitja Bryndís Björnsdóttir skólastjóri, Aðalheiður Skúladóttir deildarstjóri fyrir hönd stjórnenda, Vala Björt Harðardóttir og Arna Ýr Guðmundsdóttir fyrir hönd kennara, Inga Vala Magnúsdóttir fyrir hönd annars starfsfólks og fyrir hönd foreldra sitja Anna Rósa Halldórsdóttir og Rósa María Rúnarsdóttir.

## **Teymi - fundir**

Starfsmenn skólans störfuðu í teyllum. Kennarar og stuðningsfulltrúar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúar í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúar í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennarar. Þá er litið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi.

Í vetur funduðu stjórnendur vikulega eða aðra hvora viku með hverju teymi. Stjórnendur skiptu

teymunum á milli sín og höfðu umsjón með sömu teymunum allan veturinn, einnig boðuðu stjórnendur teymismeðlimi reglulega í „óformlegt spjall“ einstaklingslega. Teymin unnu samkvæmt verklagsreglum um vinnubrögð í teymum og ætlast var til að teymi kennara fylgdu þeim á fundum. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi héldi þrens konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun. Lögð var áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gekk það eftir. Skipulögð var áætlun yfir umræðuefni vetrarins á trúnaðarfundum, kennarar voru ánægðir með aðkomu stjórnenda og töldu setu þeirra á fundum hafa skipt máli og veitt teymunum mikinn stuðning. Kennarafundir voru á þriðjudögum kl. 14.45 – 16.00. Þessir fundir voru með hefðbundnu sniði þar sem fjallað var um stefnumótandi málefni og ýmis skipulagsmál, ákvarðanir kynntar og teknar og fram fór ýmis hópvinna og samræður, ásamt því að þeir voru nýttir til endurskoðunar á námsmarkmiðum og skólanámskrá skólans.

Starfsmannafundir voru á föstudögum kl. 13:15-13:45. Þá var gengið til dagskrár sem samanstóð að mestu af ýmsum málum frá starfsmönnum sjálfum, sem þeir skráðu á dagskrá með þar til gerðu skráningarblaði sem lá frammi á kaffistofu, en einnig var fundurinn nýttur til upplýsingamiðlunar t.d. um málefni einstakra nemenda, og fræðslu um jákvæðan aga. Á þessu skólaári voru fáir starfsmannafundir en þess í stað funduðu stjórnendur reglulega með skólaliðum.

Á fimmtudögum kl.15:00-16:00 var gert ráð fyrir ýmsum fræðslufundum eða samráðsfundum á milli teyma og kennara innan skólans.

## **Nemendaréttindaráð**

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni. Breyting var á þessu skólaráði og voru nemendur sem gáfu kost á sér í réttindaráð skólans fulltrúar einnig í nemendaráði. Halla Jóhannesdóttir sem fer með forystu í Réttindaskólanum hélt utan um ráðið. Nemendaráð kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn.

---



## **Kennsluskipan**

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftar í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á *námsaðlögun* en við skilgreinum hana sem „*viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.*”

Við höfum skilgreint nám sem „*ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.*”

Kennslu skilgreinum við þannig: „*Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.*”

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efla skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatækninnar. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum sex grunnþáttum menntunar við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í

algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjubjálfi, þroskabjálfi og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

**a) Umsjónartími / fundir / samverustundir.** Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

**b) Vinnustundir.** Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Mikið er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsi” og „Orð af orði” í kennslunni en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina. Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er talsvert við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

**c) Smiðjur.** Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smiðjum” þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smiðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

**d) Þemavinna.** Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8/9/10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu í gangi. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldursstigum saman í vinnuhópa.

**e) Íþróttir og sund.** Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nýtt íþróttahús var tekið til notkunar í skólanum árið 2019 og öllum nemendum kenndar íþróttir þar. Að auki er svo miðað við að nemendur fái hreyfingu og þjálfun að hluta til með samþættingu námsgreina með útikennslu undir stjórn umsjónarkennara.



---

## Valgreinar

Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2022-2023 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum: Í Naustaskóla: Heimilisfræði, myndmennt og leir, taubrykk, slökun, árshátíðarval og félagsmiðstöðvarval. Í samstarfi alla grunnskóla bæjarins: boltaíþróttir, flugunýtingar og stangveiði, franska, hársnyrtiiðn, iðnir tækni og Slippurinn, körfuboltaskóli, Norður-crossfit, líkamsrækt á Bjargi, rafiþróttir, jóga, spaðaíþróttir, sjónlist, hekl og þrjón, rafiðnir, rúllur bolti og teygjur, auk fleiri greina. Þetta er ekki full talinn listi en gefur góða mynd af fjölbreytileika þess sem nemendur geta valið. Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu margir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Þá voru nemendur 2 kennslustundir á viku í smiðjum þar sem unnið var með margskonar viðfangsefni.

---

## Námsmat

Við formleg skil á námsmati vorið 2022 var nemendum afhent vitnisburðarskjal með nokkuð ítarlegri almennri umsögn um nemendur ásamt tilvísun inn á námsmarkmiðasafn Naustaskóla á fjölskylduvef Mentor. Námsmarkmiðin sem merkt er við á fjölskylduvef Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla sem gefin var út árið 2013. Í Aðalnámskránni er að finna hæfniviðmið fyrir lok 4., 7. og 10. bekkjar en á grunni þeirra höfum við sett niður námsmarkmið sem varða eiga leiðina að hæfniviðmiðunum. Námsmarkmiðin skiptast á svokölluð þrep.

**Þannig má segja að algengasta námsframvinda hjá nemendum sé þannig að nemandi í 1. bekk sé að vinna að markmiðum á þrepi 1, nemandi í 4. bekk sé að vinna á þrepi 4, nemandi í 7. bekk að vinna á þrepi 7 o.s.frv.** en hafa þarf í huga að þetta er ekki einhlítt því mikilvægt er að nemendur fari á eigin hraða í gegnum námið. Á þessu er líka að finna undantekningar varðandi list- og verkgreinar þar sem nemendur í 2. bekk geta verið að vinna á 2.-3. þrepi, nemendur í 7. bekk á 6.-7. þrepi o.s.frv.

## Mötuneyti

Sem fyrr eldar eldhús Naustaskóla fyrir Naustatjörn en einn starfsmaður er yfir á Naustatjörn sem er ráðin af Naustatjörn. Niðurstaðan þetta árið varð að um 79% nemenda voru skráðir í mötuneytið og er það örlítin lækkun frá fyrra ári. Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 39% nemenda þá þjónustu.

---

## Frístund

Að lokinni kennslu gafst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístundar var Erna Kristín Sigmundsdóttir Sl. vetur voru milli 70 og 90 nemendur mestan part vetrar.

## Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn dálítið af bókum og stöku sinnum hafa borist bókagjafir frá velunnurum skólans. Safnið var með aðstöðu

Í rými við sal skólans. Halldóra Steinunn Gestsdóttir tók við 50% starfi á bókasafninu um áramót en Þórður Sævar leysti þar af í hlutastarfi fram að áramótum. Halldóra Steinunn annaðist umsjón með safninu og útlán.

---

### **Samstarf við Naustatjörn**

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Elstu deildir leikskólans (Fífilbrekka og Sunnuhvoll) eru til húsa innan veggja Naustaskóla. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti.

**Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.**

# Endurmat á starfsáætlun 1. bekkjar fyrir veturinn 2022-2023

## Námsumhverfi og skipulag

Námsaðlögun var mikil í bekknum og var sýnileg bæði á svæðinu. Námsefni var einnig aðlagð og þarfaskipt. Nokkrir nemendur studdust við sjónrænt dagskipulag og mikil áhersla var á að finna takt hvers og eins í náminu og hvað gæti stuðlað að sem bestum aðstæðum til náms. Heyrnatól, tímavakar, stólar án hjóla og ýmislegt fleira var reynt auk þess sem félagsfærnisögur og umbunarkerfi voru notuð í nokkrum tilvikum. Nokkrir nemendur voru með einstaklingsnámskrá, sér dagsskipulag og sér útbúin svæði.

Í stærðfræði var kennsluaðferðin Neisti notuð ásamt því að nemendur unnu í námsbókinni Sprotta. Einnig voru hringekjur í hverri viku þar sem fjölbreytt verkefni voru unnin. Neisti reyndist vel og kennarar voru sammála um að þessi nálgun auki bæði áhuga og færni nemenda í stærðfræði. Í henni var lagður góður grunnur og mikil áhersla á samræður um stærðfræðina og ólíkar lausnir. Í Neista stærðfræði er unnið út frá markmiðum og nemendur meðvitaðir um hvaða markmið er unnið með hverju sinni.

Í byrjendalæsi voru unnin 8 þemu sem var í samræmi við áætlun vetrarins. Ýmis fjölbreytt verkefni voru unnin í hringekjum og stöðvavinnu. Verkefnin voru ýmist einstaklingsverkefni eða paraverkefni. Námsmarkmið í byrjendalæsi voru sýnileg nemendum en gott hefði verið að útskýra þau og kynna betur fyrir nemendum í hverju þema fyrir sig.

Upplýsingatækni í 1. bekk var áskorun þar sem tæknilegir örðugleikar voru viðvarandi. Búið er að semja við tölvuumsjónamann um að skipuleggja tækjakost betur s.s. hafa eingöngu öpp sem notuð eru í 1. bekk í spjaldtölvunum. Einnig er búið að óska eftir aðgangstýringu. Þrátt fyrir tæknilegar áskoranir voru spjaldtölvur töluvert notaðar og margir námsleikir nýttir bæði í íslensku og stærðfræði.

Í vetur fórum við í margar vettvangsferðir. Að hausti æfðum við nemendur í að fara í strætó og í styttri gönguferðir. Við fengum boð í Skautahöllina þar sem að Skautafélagið tók á móti okkur í tvö skipti. Við fórum tvisvar sinnum í Akureyrarkirkju, einu sinni fyrir jólin í Aðventustund og svo að vori á leiksýningu. Að vori voru farnar margar ferðir bæði gangandi og í strætó. Við heimsóttum Amtbókasafnið, Andapollinn, Naustaborgir og Kjarnaskóg,

## Námsmat

Verkefni nemenda fóru heim eftir hvert þema þegar búið var að nýta þau í námsmat.

Áhersla var á símat og leiðsagnarmat í stærðfræði og íslensku. Kennarar skoðuð þátttöku nemenda í

kennslustundum ásamt því að leggja fyrir bæði munnlegt og skriflegt mat.

Teknar voru tengslakannanir og kannanir á líðan. Skipulagt nemendasamtal var tekið einu sinni á hvern nemanda auk fjölda annarra nemenda samtala eins og við er að búast í fjölbreyttum nemendahópi.

## **Foreldrasamstarf**

Foreldrasamtöl gengu vel, þau fóru fram í skólanum. Almenn ánægja var með starfið í 1. Bekk. Foreldrasamskipti voru góð og opin.

Skólabyrjunin hjá 1. bekk var að mestu góð og má þakka það því að foreldrar voru beðnir um að kveðja börnin í forstofunni og ekki dvelja á kennslusvæðinu fyrstu vikunnar. Að aðlögunar tíma loknum var foreldrum velkomið að koma í heimsókn. Þetta fyrirkomulag reyndist nemendum vel og þannig juku nemendur sjálfstæði og öryggi og starfið fór vel af stað. Skólabyrjun var mikil áskorun fyrir nemendur með sérþarfir, ýmsar leiðir voru reyndar til að létta nemendum það að koma í skólann á morgnana. Það úrræði sem virkaði best var að þeir nemendur sem á þurftu að halda, komu inn um aðalinngang skólans í stað inngang leikskólans og var tekið á móti þeim sérstaklega.

Mikil vinna var lögð í föstudagspósta og áhersla á að halda foreldrum vel upplýstum. Í póstumum var farið yfir þá námsþætti sem unnið hafði verið í og hvað yrði tekið fyrir í næstu viku. Einnig voru myndir af starfinu settar inn í föstudagspóstana.

Samskipti við foreldra í gegnum síma eða tölvupósta var eftir þörfum. Nokkuð bar á að engin viðbrögð voru við tölvupóstum sem við sendum í nemendamálum. Hægt væri að hafa í huga að óska eftir staðfestingu á móttöku þannig að fullvíst sé að foreldrarnir hafi fengið upplýsingarnar.

## **Námsaðlögun**

Námsaðlögun í vetur var umfangsmikil vegna þeirra fjölbreyttu þarfa sem voru í nemendahópnum. Gríðarlegur tími kennara fór á hverjum degi í að ígrunda og skipuleggja starfið til þess að hægt væri að mæta þörfum allra. Útbúin voru sérstök námssvæði sem notuð voru sem starfsstöðvar. Einnig var mikið um sértækt námsefni sem búið var til. Stundatöflur voru einstaklingsmiðaðar og endurskoðaðar vikulega á haustönn. Í lok haustannar voru ráðnir tveir stuðningsfulltrúar sem breytti miklu og var þörf viðbót til að koma til móts við þarfir nemenda. Þá skapaðist meira rými fyrir bekkinn í heild sinni.

## **Samantekt**

Það sem læra má af þessum vetri er að snemmtæk íhlutun skiptir mjög miklu máli. Í nemendahópum þar sem eru flókin sérþarfamál og mikill hegðunarvandi skiptir miklu máli að hafa nógu margar hendur sem grípa inn í í öllum aðstæðum s.s. frímínútum, matsal og inni á kennslusvæði. Í vetur sáum við afleiðingar þess að nemendur horfðu upp á ofbeldi og aðra óæskilega hegðun og tóku svo upp þá ósiði þegar líða tók á veturinn. Ef við bregðumst of seint við hegðunarvanda þá getur það haft áhrif á allan nemendahópinn. Þessi áskorun sem hegðunarvandinn var, tók tíma frá skipulagningu á kennslustundum svo sem innleiðingu Neista og annarra verkefna. Vandinn hafði áhrif á nám og líðan nemendahópsins. Við erum ánægðar með það sem við uppskárum eftir veturinn eftir mikla lausnaleit og ígrundun. Bjartsýni, jákvæðni og þrautseigja hefur einkennt teymið í vetur sem hefur hjálpað gríðarlega mikið. Góður stuðningur frá deildarstjóra hefur skipt þar sköpum. Það hefur verið ánægjulegt að sjá framfara skref eftir mikla vinnu vetrarins.

## Endurmat á starfsáætlun 2.-3. bekkjar fyrir veturinn 2022-2023

### Námsumhverfi og skipulag

Kennsluskipulag í stærðfræði, íslensku, samfélags- og náttúrufræði gekk nokkuð samkvæmt áætlun. Unnið var samkvæmt ársáætlun í jákvæðum aga og að auki var lögð áhersla á félagsfærniþætti. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðun voru hafðir að leiðarljósi í vetur. Námsmarkmið voru sýnileg en eflaust hefðum við getað kynnt þau betur fyrir nemendum. Aðgengi að námsgögnum var nokkuð gott en okkur vantar þó fleiri ipada til að geta haft fleiri í vinnu við t.d. upplýsingaöflun og heimildaleit. Svæðið nýttist okkur vel og vorum við duglegar að leita lausna í kringum einstaka nemendur sem þurftu aðlagð námsumhverfi. Teljum við þó að gott væri að hafa fleiri minni herbergi á svæðinu fyrir þá nemendur sem þurfa meira næði. Námsaðlögun var fjölbreytt og mjög mikil þar sem hátt hlutfall nemenda er með sérþarfir eða þarf einstaklingsmiðað nám. Haustið fór erfiðlega af stað þar sem mönnun var að okkar mati ekki næg en það lagaðist mikið þegar leið á veturinn og aukið var við starfshlutfall starfsfólks í teyminu. Sameiginleg ábyrgð teymisins á nemendahópnum gekk vel og vorum við duglegar í lausnaleit og samvinnu og áttum góð samskipti okkar á milli þar sem gagnkvæmt traust ríkti. Samkennsla árganga gekk vel og kenndum við alla þematíma saman. Skipulagsfundir voru haldnir á miðvikudögum í vetur og gengu vel. Þeir voru mikilvægir til að upplýsa alla starfsmenn teymisins um hvað framundan væri. Sérstaklega þar sem við erum fjölmennt teymi og með kennara úr öðru teymi í kennslu hjá okkur. Teymisfundir með teymisstjóra voru haldnir á mánudögum fram að áramótum og færðust yfir á miðvikudaga eftir áramótin. Einn kennari sem var í 30% stöðu í teyminu fór í veikindaleyfi í febrúar og leystum við þá stöðu af innan teymis í allan vetur.



## Námssgreinar

Skipulag námssgreina vetrarins hélt sér að mestu leyti. Í stærðfræði unnu nemendur í 3. bekk einstaklingsmiðað eftir áætlunum auk þess var lögð áhersla á markvissar innlagnir. Unnið var með Sprota 3a og 3b ásamt nokkrum Neistatímum. Í 2. bekk var unnið í Neistastærðfræði sem byggir á umræðum um stærðfræði auk þess sem unnið var í Sprota 2a og 2b. Í hverri viku voru stöðvar eða hringekja í stærðfræði þar sem unnin voru hlutbundin verkefni, stærðfræði í ípad, sprotavinna eða umræður í smærri hópum.

Samvinnunnunámi var fléttuð inn í Byrjendalæsisþemaverkefni vetrarins ásamt því að nemendur lærðu félagsfærniþætti sem tengjast samvinnu og því að virða fjölbreytileika nemendahópsins. Áhersla var lögð á að nemendur gætu unnið með hverjum sem er en ekki einungis vinum sínum. Unnið var skipulega með ákveðnar greinar barnasáttmálans og verkefni tengd þeim og tengdum við einnig Byrjendalæsisþemu við þá vinnu.

Við tókum þó ekki trúarbragðapemað sem er í þemarállunni samkvæmt ársáætlun en tókum lífsleikniþema í staðinn sem tengist barnasáttmálanum. Einnig bættum við flugvélaþema inn í þemarálluna. Þemun gengu mjög vel hjá okkur og vorum við ánægðar með fjölbreytni verkefna og hversu mikla námsaðlögun okkur tókst að hafa ásamt mikilli sköpunarvinnu í hverju þema.

Upplýsingatækni var fléttuð inn í námið og unnið með ýmis smáforrit sem tengdust markmiðum námssgreina eins og kostur var. Nemendur í 3. bekk tóku einnig sín fyrstu skref í námsumhverfinu Google Classroom. En tölvukostur okkar á svæðinu er afar bágborinn og því ekki hægt að vinna nema að takmörkuðu leiti með það.

## Námssmat

Námssmat var unnið með fjölbreyttum hætti. Auk símats unnu nemendur skriflegar kannanir og einnig fór töluverður hluti námsmats fram munnlega. Eftir hvert þema unnu nemendur sjálfsmat út frá þeim markmiðum sem unnið var að hverju sinni. Merkt var við námsmarkmið jafnóðum inn á Mentor.

## Foreldrasamstarf

Foreldraviðtöl fóru fram með venjubundnum hætti tvisvar á skólaárinu. Vikulega var sendur upplýsingapóstur í tölvupósti. Þannig fengu foreldrar/forráðamenn tækifæri til þess að fylgjast með skólastarfinu og því sem framundan var. Einnig voru teymisfundir í kringum marga nemendur reglulega í vetur og lítum við svo á að skoða þurfi hversu hátt hlutfall af undirbúningstíma okkar fer í skimunarfundi/skilafundi og persónulega upplýsingafundi þar sem um það bil helmingur nemenda okkar er með greiningar og aðlagð námsefni. Foreldrasamstarf vetrarins gekk þó að flestu leiti vel, sum foreldrasamskipti urðu mjög flókin og vandasöm en teljum við að okkur hafi tekist vel til þegar upp er staðið.

## Nemendasamtöl

Nemendasamtöl voru tekin fyrir foreldrasamtölin og skráð niður á blað. Við gætum staðið okkur betur í að skrá þau formlega inn á Mentor og stefnum á að bæta okkur í því næsta skólaárið. Að auki áttum við mikið af óformlegum samtölum við nemendur maður á mann. Þeir nemendur sem þurftu á því að halda hverju sinni fengu þannig samtál og nokkrir nemendur fengu þannig samtál reglulega á krókatíma á morgnana yfir veturinn. Mörg þeirra samtala voru skráð inn á Mentor ef við máttum þau samtöl þannig að upplýsa þyrfti foreldra eða aðra starfsmenn í skólanum um þau.

## Almenn samantekt

Skólaárið gekk nokkuð vel fyrir sig þrátt fyrir mikið álag, mannbreytingar, flókin og þung nemendamál og foreldrasamskipti. Kennarar voru samstíga í nemendamálum og með líka sýn á góða kennsluhætti og agastjórnun. Reyndum við eftir bestu getu að ýta undir sjálfstæði nemenda og hvetja þá til að taka ábyrgð á eigin námi. Samkennsla árganga gekk vel fyrir sig í þematímum á móti smiðjum og teljum við það vera gott fyrirkomulag. Fjölbreytni í verkefnum tengdum Byrjendalæsi var mikil og unnu kennararnir saman að gerð áætlana. Mikil áhersla var á lestur, lesskilning, hugtakaskilning, sögugerð og ritun. Skipulag og flokkun námsgagna í stoðkennslu var komið í góðan farveg auk þess sem unnið var markvisst að gerð nýrra námsgagna fyrir stoðkennsluna. Teljum við því að kominn sé nokkuð góður gagnabanki fyrir stoðkennslu nemenda á þessum aldursbili sem 2. og 3. bekkur nær yfir.

# Endurmat á starfsáætlun 4.-5. bekkjar fyrir veturinn 2022-2023

## Námsumhverfi og skipulag

Kennsluskipulag í stærðfræði, íslensku, samfélags- og náttúrufræði gekk nokkuð samkvæmt áætlun. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðun voru hafðir að leiðarljósi í vetur. Námsmarkmið voru sýnileg á svæðinu og í námsmati en eflaust hefðum við getað kynnt þau betur fyrir nemendum, t.d. með því að hafa þau oftár á verkefnum. Aðgengi að námsgögnum var nokkuð gott en okkur vantar þó fleiri ípada og tölvur til að geta haft fleiri í vinnu við t.d. upplýsingaöflun og heimildaleit. Svæðið nýttist okkur vel og vorum við duglegar að leita lausna í kringum einstaka nemendur sem þurftu aðlagð námsumhverfi. Teljum við þó að gott væri að hafa fleiri skilrúm á svæðinu fyrir þá nemendur sem þurfa meira næði. Einnig þarf að skoða

netmál á svæðinu því að netið var mjög leiðinlegt, sérstaklega í lokuðu herbergjunum, Það kom sér mjög illa þar sem nokkrir nemendur eru háðir ipöðunum sínum í vinnu vegna tungumáls eða námsörðugleika. Námsaðlögun var fjölbreytt og mjög mikil þar sem hátt hlutfall nemenda er með sérþarfir eða þarf einstaklingsmiðað nám. Við vorum undirmannaðar stóran hluta af vetrinum þar sem einn kennari fór í veikindaleyfi snemma hausts og annar í janúar en fengum fleiri stuðningsfulltrúa til að mæta því. Tveir nýir kennarar komu á vorönn. Samkennsla árganga gekk vel og kenndum við alla þematíma og hringekjur saman, auk þess sem við skiptum nemendum í hópa þvert á árganga í íslensku og stærðfræði þegar teymið var orðið betur mannað. Árgangarnir voru í rauninni í samkennslu í öllum greinum nema ensku og íþróttum. Skipulagsfundir voru haldnir á miðvikudögum í vetur og gengu vel. Þeir voru mikilvægir til að upplýsa alla starfsmenn teymisins um hvað framundan væri. Teymisfundir með teymisstjóra voru haldnir vikulega fram yfir áramót en þá voru þeir lagðir til hliðar vegna funda með Gunnari Gíslasyni frá Háskólanum en hann fundaði vikulega með teyminu.

## Námshgreinar

Skipulag námshgreina vetrarins hélt sér að mestu leyti. Í stærðfræði unnu nemendur í 4. og 5. bekk einstaklingsmiðað eftir áætlunum. Unnið var með Sprota 4a og 4b og Stiku 1a og Stiku 1b. Í hverri viku voru stöðvar eða hringekja þar sem unnin voru hlutbundin verkefni úr ýmsum námshgreinum. Unnið var í þema vinnu tvisvar í viku þar sem unnið var með Íslandsþema.

Í þema og stöðvavinnu lærðu nemendur félagsfærniþætti sem tengjast samvinnu og því að virða fjölbreytileika nemendahópsins. Áhersla var lögð á að nemendur gætu unnið með hverjum sem er en ekki einungis vinum sínum. Unnið var skipulega með ákveðnar greinar barnasáttmálans og verkefni tengd þeim.

Þema gekk mjög vel hjá okkur og vorum við ánægðar með fjölbreytni verkefna og hversu mikla námsaðlögun okkur tókst að hafa ásamt mikilli sköpunarvinnu í lokaverkefninu tengt Íslandsþemanu. Í lok þema var foreldrum boðið í heimsókn þar sem nemendur kynntu lokaverkefnið, ásamt öðrum verkefnum vetrarins fyrir foreldrum sínum.

Upplýsingatækni var hluti af smiðjurúllu þar sem kennarar teymis sáu um að skipta tímum á milli sín. Unnið var með ýmis smáforrit sem tengdust markmiðum námshgreina eins og kostur var.

## Námshmat

Námshmat var unnið með fjölbreyttum hætti. Í stærðfræði og íslensku unnu nemendur skriflega könnun í lok hverrar lotu. Einnig var mikil áhersla lögð á símat þar sem nemendur unnu verkefni í tíma þar sem við unnum að ákveðnum markmiðum sem kynnt voru fyrir nemendum og þau metin í lokin, til að höfða til sem flestra

nemenda var einnig lagt fyrir munnlegt námsmat - nýttum við okkur það einnig í ensku. Merkt var við námsmarkmið inn á Mentor.

## **Foreldrasamstarf**

Í upphafi skólaárs var búinn til Facebook hópur fyrir foreldra þar sem við kennarar deildum föstudagsfréttunum okkar og einnig settum við inn ýmsar áminningar fyrir foreldra. Föstudagsfréttirnar voru sendar vikulega með tölvupósti til foreldra/forráðamanna. Með þessu móti gátu foreldrar fylgst með starfinu okkar og verið upplýst um það sem væri framundan. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar sinnum í vetur, fyrir og eftir áramót. Seinni viðtölin voru nemendastýrð og fylltu nemendur út spurningalista þar sem þeir lögðu mat á sitt gengi í skólastarfinu. Þetta var góður undirbúningur og fínt að undirbúa bæði nemendur og starfsfólk ef þetta er eitthvað sem við ætlum að halda í. Við buðum foreldrum í heimsókn til okkar í maí - þar sem nemendur kynntu fyrir foreldrum sínum starfið sitt í Íslandspema og heppnaðist það vel.

## **Nemendasamtöl**

Við tókum ekki formleg nemendaviðtöl sem skráð voru á Mentor en stefnum á að bæta okkur í því næsta skólaárið. Við áttum þó mikið af óformlegum samtölum við nemendur maður á mann. Þeir nemendur sem þurftu á því að halda hverju sinni fengu þannig samtal og nokkrir nemendur fengu þannig samtal reglulega á yfir veturinn. Mörg þeirra samtala voru skráð inn á Mentor ef við máttum þau samtöl þannig að upplýsa þyrfti foreldra eða aðra starfsmenn í skólanum um þau.

## **Almenn samantekt**

Skólaárið gekk nokkuð vel fyrir sig þrátt fyrir mikið álag, miklar mannabreytingar og mikla manneklu. Kennarar gerðu sitt besta í að vera samstíga í nemendamálum, kennsluháttum og agastjórnun. Við reyndum eftir bestu getu að ýta undir sjálfstæði nemenda og hvetja þá til að taka ábyrgð á eigin námi. Samkennsla árganga gekk vel fyrir sig í þema og hringekju. Eftir áramót breyttum við starfsháttum hjá okkur og unnum meira í árgangablönduðum hópum fyrir utan þá tíma sem íþróttir voru og teljum við það hafa verið gott fyrirkomulag.

## Endurmat á starfsáætlun 6. - 7. bekkjar fyrir veturinn 2022-2023

### Námsumhverfi og skipulag

Í upphafi vetrar var ákveðið að 4.-5. bekkur og 6. -7. bekkur skiptu um kennslusvæði. Það tók nokkrar vikur að koma okkur fyrir og var uppröðun á svæðinu breytt nokkrum sinnum fyrstu vikurnar. Sáum við fljótt út frá nemendafjölda okkar að svæðið væri of lítið og náðum við ekki að dreifa mikið úr nemendahópnum. Einnig höfum við einungis 2 lokuð herbergi til að nota, annað tekur ca. 20 nemendur á meðan hitt tekur einungis 5 nemendur.

Í upphafi vetrar voru nemendur 82 og endum við veturinn með 79 nemendur, 44 í 7. bekk og 35 í 6. bekk.

Töluverð blöndun var milli árganga í allan vetur. Smiðjuhópar voru árgangablandaðir og einnig var föst árgangablöndun á kennslusvæðinu flesta daga vikunnar.

Sameiginleg ábyrgð teymisins á nemendahópnum gekk vel og vorum við duglegar í lausnaleit og samvinnu og áttum góð samskipti okkar á milli þar sem gagnkvæmt traust ríkti. Samkennsla árganga gekk vel og kenndum við alla þematíma saman. Teymisfundir með deildarstjóra voru haldnir á fimmtudögum.

### Námsgreinar

Skipulag námsgreina hélt sér í vetur.

Í stærðfræði unnu nemendur áætlanir bæði einstaklingslega og í samvinnu. Unnið var í 8 lotum og var lögð fyrir könnun í lok hvernar lotu til að meta þau markmið sem unnið var að. Lagt var upp með markvissum innlögnum, auka verkefnum tengdar lotum hverju sinni ásamt gagnvirkum æfingum.

Íslenskan var unnin í fjórum lotum. Í lotunum var unnið með málfræði, upplestur, lesskilning, lestur og kjörbókarvinnu. Lesskilningur og lestur var fastur liður í öllu námi. Lögð var rík áhersla á blandaða hópavinnu þar sem nemendur áttu erfitt með að vinna með hverjum sem er. Vinnan hefur skilað góðum árangri og hefur samvinna nemenda gengið betur.

Við unnum fjögur þemu í vetur, Norðurlönd, líkami mannsins, áhugasviðspema og árshátíðarþema (Fólkið í blokkinn). Við fórum ekki í vísindarþema eins og til stóð heldur tókum staka tíma í tilraunir. Þemun voru alltaf unnin í árgangablönduðum hópum. Mikil áhersla var á verkefnavinnu og kynningar á verkefnum. Nýttum við verkefnavinnuna til að kynna fyrir nemendum mismunandi leiðir til verkefnaskila, t.d. hlaðvörp, heimasíðugerð, bæklingagerð, glærुकynningar, veggspjöld og líkanagerð.

## **Tungumál**

Í ensku var lögð rík áhersla á lesskilning, orðaforða, hlustun og málfræði. Í 7. bekk var einnig lögð áhersla á talað mál og að kynna verkefni á ensku. Verkefni vetrarins voru ýmist unnin í hóp eða einstaklingslega.

Í dönsku var lögð áhersla á orðaforða, talað mál og hlustun. Í 7. bekk horfðu nemendur á heila þáttaseríu til að efla orðaforða, skilning og hlustun. Einnig var stuðst við leiki og spil í kennslunni.

## **Upplýsingatækni**

Í vetur var markvisst unnið í upplýsingaleit á netinu t.d. sækja upplýsingar, rýna í fréttir, fingrafimi og kennslu á google umhverfið. Mikið aðhald þarf að vera í notkun tækja þar sem nemendur eiga erfitt með að nýta tölvu sem námstæki og fara fljótt í leiki og youtube.

## **Félagaspjall / bekkjarfundir**

Báðir árgangar byrjuðu á félagaspjalli í vetur, sem er samskipta- og samræðuverkefni í samstarfi við miðstöð skólapróunar. Á miðjum vetri ákváðu kennarar 6. bekkjar að draga sig úr verkefninu þar sem viðfangsefnið reyndust of þungt. 7. bekkur kláraði alla fundina þó að kennurum hafi einnig þótt efnið of þungt fyrir nemendur.

## **Námsmat**

Námsmat var unnið með fjölbreyttum hætti. Alls kyns verkefni voru lögð fyrir til að meta markmið í þemavinnu vetrarins auk sjálfsmats. Kannanir í stærðfræði voru lagðar fyrir í lok hverrar lotu. Námsmarkmið voru metin jafn óðum yfir veturinn í tungumálum og íslensku, ýmist út frá könnunum og skilaverkefnum. Ekki er hægt að meta náttúrufræðipemu þar sem engin náttúrufræðimarkmið fyrir miðstig eru komin inn á Mentor.

## **Foreldrasamstarf**

Foreldrasamstarf í 7. bekk hefur gengið vel og hafa foreldrar sýnt gott samstarf þar sem við á. Við höfum þurft að óska eftir samstarfi og hefur það gengið vel. Hins vegar hefur foreldrasamstarf í 6. bekk verið misgott. Þar er hópur foreldra sem erfitt er að ræða við um hegðun barna þeirra. Skólinn hefur óskað eftir betra samstarfi milli heimilis og skóla og fékk litlar undirtektir. Skólastarfið hefur þar af leiðandi verið þyngra en það hefði þurft að vera.

## **Nemendasamtöl**

Kennarar áttu markviss nemendasamtöl fyrir fyrri foreldraviðtölin sem voru skráð á Mentor. Seinna

foreldraviðtalið var nemendastýrt og undirbjuggu nemendur sig í skólanum með því að svara spurningum um skólastarfið. Kennarar fóru síðan yfir blaðið með nemendum til æfa þá fyrir sjálft viðtalið.

## Almenn samantekt

Teymisvinnan í vetur hefur gengið vel, í vinnuherbergi hefur ríkt léttleiki og almenn gleði. Teymið var duglegt að sinna forföllum innan skólans og var því sjaldan í undirbúningi á sama tíma. Auk þess leysti teymið næstum öll forföll innan teymis sjálft. Einn umsjónarkennari lét af störfum 1. apríl og var ekki ráðinn nýr kennari í staðinn. Forfallakennari leysti af að hluta til, annars tók teymið að sér það hlutverk með auknu álagi.

Kennarar voru samstíga í nemendamálum og með líka sýn á góða kennsluhætti og agastjórnun. Reyndum við eftir bestu getu að ýta undir sjálfstæði nemenda og hvetja þá til að taka ábyrgð á eigin námi. Samkennsla árganga gekk vel fyrir sig í þematímum á móti smiðjum og teljum við það vera gott fyrirkomulag. Stoðkennslan gekk ágætlega fyrir jól, eftir jól var of mikill tími sem stoðkennari var nýttur í almenna kennslu vegna manneklu og kom það niður á þeim nemendum sem þurftu á stoðkennslu að halda.

## Endurmat á starfsáætlun 8. - 10. bekkjar fyrir veturinn 2022-2023

### Námsumhverfi/skipulag

Öllum nemum var skipt í námshópa. Kennarar útbjuggu námshópa eftir þörfum og settu áætlanir, verkefni, námsgögn og fleira inn á Google Classroom. Þetta námsumhverfi var nýtt til þess að halda utan um verkefnaskil nemenda og var þeirra aðal upplýsingaveita, einnig fylgdust kennarar með framgöngu síns umsjónarhóps þar inni. Kennslan var þannig upp byggð að nemendur bæru ábyrgð á sínu námi og að þeir ynnu samkvæmt áætlun.

Áætlanir voru settar inn á Google Classroom í öllum fögum og voru sumar prentaðar út. Í stærðfræði voru allar áætlanir einnig settar inn á Mentor þar sem markmið voru tengd við hverja áætlun og þau metin eftir hverja lotu.

### Námsaðlögun og stoðkennsla

Einn stoðkennari var í unglingateyminu, Ingunn Heiðdís og vann hún í nánú samstarfi við faggreinakennara að stoðþjónustu með nemendum sem þurftu námsaðlögun. Námsaðlögunin fólst aðallega í þáttum sem snéru

að aðlögun námsefnis og útbúa verkefnapakka í ensku, einstaklingsáætlunum, sjónrænu skipulagi, vinnukerfum, skipulagningu og námstækni sem og að útbúa einstaklingsnámskrár. Stoðkennari samnýtti eitt herbergi með nemendum sem þurftu næði til að vinna verkefni sín og stoðkennari útbjó stundaskrá fyrir stoðkennslutíma svo skýrt væri hvenær það væri upptekið og hvenær ekki. Stoðkennari vann ýmist með nemendum inn í þeirra námshópi, minni hópum eftir þörfum eða einstaklingslega. Bæði fór stoðkennslan fram á kennslusvæðinu eða í lokuðum rýmum. Nemendur af erlendu bergi stunduðu ÍSAT kennslu (íslenska sem annað tungumál) hjá tveimur ÍSAT kennurum og stoðkennari fylgdi þeim eftir í öðru námsgreinum ásamt faggreinakennara.

### Mat og tillögur til úrbóta

Stoðkennslan gekk ágætlega og þróaðist hún samhliða þeim verkefnum sem upp komu í vetur. Stoðkennari hélt utan um mál ákveðna nemenda ásamt umsjónarkennara og faggreinakennara og miðlaði upplýsingum á milli um aðlögun námsefnis og lagði fram tillögu að úrbótum. Mest kom stoðkennari að tillögu að námsaðlögun í kjarnagreinunum (íslensku, stærðfræði, og ensku). Tillaga að úrbótum er að aðkoma stoðkennara hvað varðar námsaðlögun verði meiri í dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði. Nýting á kennslurými var áskorun þar sem bæði kennarar og nemendur vildu nýta rýmin oftast til almennrar kennslu, stoðkennslu eða verkefnavinnu.

## **Námsgreinar**

### **Íslenska**

Unnið var í 6 lotum yfir veturinn, loturnar voru mislangar og höfðu frí og aðrir viðburðir innan skólans áhrif á lengd þeirra. Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel og munum við halda því skipulagi áfram. Áhersla var lögð á lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, framsögn, heimildarritun og hlustun. Við viljum halda áfram með þessar áherslur. Okkur langar að leggja enn frekari áherslu á yndislestur á næsta skólaári og hjálpa þeim í samstarfi við bókasafn skólans að velja sér bækur við sitt hæfi svo þau hafi gaman af lestrinum. Við höfum mikið verið með skapandi skil á verkefnum og höfum leyft nemendum að velja töluvert á hvaða hátt þau skila (t.d. í formi hlaðvarpa, kynninga, myndbanda, ritunarverkefna o.fl.). Við teljum það hafa gefist vel og viljum halda áfram á þeirri braut.

Íslenskukennarar kenndu öllum námshópum og voru saman með tvo námshópa í senn í flestum tilvikum. Við stefnum á að leggja upp með sambærilegt skipulag á næsta skólaári, en sjáum fyrir okkur að gera meira af því að skipta hópnum niður á tvö svæði. Einnig stendur til að samþætta meira við aðra tungumálakennslu og vinna það jafnvel þvert á námshópa.

**Námsmat:** Eins og lagt var með í upphafi þá vorum við með fjölbreytt námsmat. Áhersla var lögð á símat, leiðsagnarmat og litlar kannanir inn á milli. Nemendur skiluðu einnig ýmiskonar verkefnum, til dæmis kynningum, hljóðvörpum, ritgerðum og myndböndum.



Teljum við að fjölbreytt námsmat hafi gefist vel og munum við halda áfram að þróa það á næsta skólaári. Á heildina litið þá gekk skólaárið vel og munum við halda áfram að byggja ofan á sama grunn.

### **Enska**

Enskunni var skipt upp í 7 lotur sem voru byggðar út frá viðmiðum og markmiðum skólans, og úr aðalnámskrá. Áhersla var lögð á ritun, hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, námshæfni og menningarlausni. Hver lota einkenndist að því að vinna að því að ná tökum á hverju viðmiði.

**Námsmat:** Nemendur tóku kannanir í reglulega sem sýndi stöðu þeirra í ákveðnum viðfangsefnum en námsmat fór aðallega fram í gegnum verkefnagerð. Nemendur fengu ýmist bókstaf fyrir lotu eða hakað í námsmarkmið. 10. bekkur fékk bókstaf í lokaeinkunn. Kennari sá að mestu um námsmat en nemendur gerðu einnig sjálfsmat og jafningjamat á skólaárinu í völdum verkefnum. Þeir nemendur sem þurftu aðlagð námsefni unnu í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og stoðkennara og fengu einstaklingsáætlanir aðlagðar að þeirra getu.

### Mat og tillögur til úrbóta:

Á næsta skólaári er vilji til að samþætta tungumál meira og einnig við önnur fög. Vilji er til að reyna að hafa fjölbreyttari verkefni þar sem nemendur hafi enn meira val hvernig þau skila frá sér verkefnum.

### **Stærðfræði**

Unnið var í 5 - 6 lotum í öllum bekkjum. Aðaláhersla var á tölur og talnareikning, rúmfræði, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði, algebru og jöfnur, föll, mál og mælingar, líkindareikning og persónuleg fjármál. Í öllum bekkjum var lög áhersla á að nemendur gætu tjáð sig um stærðfræðilegt efni, skriflega og myndrænt. Lögð var áhersla á að nemendur tileinkuðu sér að horfa á myndbönd og glósuðu eftir myndböndum. Markmiðið var að gera nemendur sjálfstæðari, að þeir geti horft á fyrirlestra bæði heima og í skólanum til þess að geta dýpkað skilning sinn á viðfangsefnum, einnig til þess að geta mætt betur undirbúnir í kennslustund og eru margir nemendur orðnir mjög færir í að tileinka sér þessi vinnubrögð. Í upphafi hvernar viku fengu nemendur ákveðinn dæmi sem sett voru inn á Classroom og þurftu þeir að ljúka þeim í lok hvernar viku. Lögðum við upp með grunnáætlun sem flestir fylgdu en vorum einnig með aðlagðar áætlanir og einstaklingsáætlanir eftir þörfum. Námsmarkmiðin og námsmat voru sýnileg á Mentor þar sem markmið voru fyrirfram ákveðin fyrir hverja lotu og svo metin í lokin. Í hverjum árgangi var a.m.k. eitt samþættingarverkefni í vetur þar sem stærðfræði var fléttuð saman við t.d. Íslensku, ensku, náttúrufræði og samfélagsfræði. Í heildina gekk vinnan og kennslan í stærðfræði vel í vetur.

**Námsmat:** Námsmatið var fjölbreytt og voru nemendur metnir eftir hverja lotu, námsmatið var m.a. lotu kannanir, samvinnukannanir, samvinnuverkefni, fyrirlestrar, Google sheets verkefni, kynningarverkefni, tilraunir og verkefni sem nemendur unnu í tíma. Fyrirfram ákveðin markmið voru fyrir hverja lotu og hvert verkefni. Þegar hver lota var búin skoðuðu allir nemendur markmiðin sín inn á Mentor og báru þau saman við könnun/verkefnið sem var verið að meta. Nemendur fengu einnig bókstaf eftir hverja

lotu.

### Mat og tillögur til úrbóta:

Á næsta skólaári viljum við halda áfram að finna tækifæri til enn meiri samþættingar við önnur fög.

Við viljum vera með enn fleiri fjölbreytt verkefni og að nemendur hafi enn meira val hvernig þau skila frá sér verkefnum. Einnig viljum við vera með fleiri rafrænar kannanir til að auðvelda yfirferð. Við munum halda áfram að búa til fleiri myndbönd til þess að auka sjálfstæði nemenda og halda áfram að mæta einstaklingsþörfum þeirra.

### **Danska**

Unnið var í fjórum lotum vetur og unnið að markmiðum aðalnámskrár. Í vetur var lögð áhersla á tjáningu og kennt samkvæmt áætlunum sem birtar voru til að byrja með á Google Classroom. Áhersla var á að það væri jákvæðni gagnvart dönskunni og að nemendur myndu þora að taka þátt í að spreyta sig í að tala, kynna sig og læra grundvallaratriði tungumálsins. Kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, bókum, rafrókum, hljóðskrár var deilt til nemenda og nemendur skiluðu verkefnum í gegnum fyrrgreindar vefgáttir. Þegar á heildina er litið gekk þetta vel og tóku margir framförum í dönsku.

Í 8. bekk var stuðst við námsefnið „Smart“ ásamt kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Í 9. bekk var stuðst við námsefnið „Tænk A“ ásamt kvikmynd og öðru ýtarefni svo sem fréttatengdu efni.

Í 10. bekk var stuðst við námsefnið „Tænk B“ og „Ekko“ ásamt kvikmyndum og öðru ýtarefni á „rauntexta“, þ.e. ekki einfölduðu máli. Einnig var talsvert unnið með stutta stíla þar sem bæði var þýtt frá dönsku yfir á íslensku og öfugt. Danskir námsleikir voru notaðir en þetta voru leikir til að hjálpa nemendum að tjá sig, læra tölur o.fl.

Reglulega voru notaðar samtalsæfingar úr „danska á allra vörum“ eftir Bryndísi Indu Stefánsdóttur og Kristínu Björk Gunnarsdóttur.

Hjá öllum námshópum var stundataflan þannig sett upp að kennari hitti hvern nemendahóp tvisvar sinnum í viku, í 40 mínútur í hvort skipti eða samtals í 80 mínútur á viku. Þess utan áttu nemendur að sinna náminu í vinnustundum.

**Námsmat:** Helst var unnið með símat í lotunum þar sem nemendur skiluðu margvíslegum verkefnum. Dæmi um skil á verkefnum voru hljóðupptökur, ritaðir stílar o.fl. Að auki tóku nemendur kannanir. Þeir nemendur sem þurftu aðlagð námsefni unnu í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og fengu einstaklingsáætlanir aðlagðar að þeirra getu. Nokkrir nemendur úr 8. Bekk unnu í námsefni 7. Bekkjar þar sem þeir voru á eftir í dönsku eftir miðstigið.

### Mat og tillögur til úrbóta:

Veturinn gekk mjög vel, við náðum að halda úti plani með lotur og áætlanir.

Það kom vel út að 9. Bekkur hafi verið í Tænk en ekki SMIL. Bókin er mun hentugri og á næsta ári verður 9. Bekkur í SMIL A en 10. Bekkur í SMIL B.

### **Náttúrufræði/samfélagsfræði**

Kennt var í námshópum hvers árgangs fyrir sig. Kennari er mjög ánægður með kennslustundir og verkefni sem unnin voru. Nemendur fóru oft yfir veturinn út fyrir kennslustofu eða í verklegt nám. Bekkirir náði nokkrum tímum í ágúst og september í líf-, grenndar og umhverfisfræði. Þar var farið út að safna og athuga náttúruna í hverfinu. 9. Bekkur fékk verkleg verkefni í tengslum við mannlíkamann. 10. bekkur fór í fjölbreytt lítil verkleg verkefni sem öll tóku á efna- og eðlisfræði

Þróunarverkefni sem hófst í náttúru- og samfélagsfræði veturinn 2021/2022, þar sem áhersla er á opin verkefni og leiðsagnamiðaðnám, var haldið áfram með í ár. Þar eru markmið og tímaviðmið nemendum kunngjörð í upphafi lotu. Síðan fá nemendur ákveðin tím til þess að klára verkefni. Verkefni eru yfirleitt opin og er hægt að skila þeim í formi ljóðs, leikrits, tónverks, ritunar eða bara hvernig sem er. Flestir nemendur velja að skila verkefnum í DOCS en í öllum verkefnapökkum koma skemmtileg og frumleg verkefni. Reyndar má taka fram að færri og færri nemendur skila einföldum verkefnum. Metnaður er að aukast og skil eru miklu betri en hafa verið síðustu ár.

Kennari metur það svo að flestir nemendur hafi gagn og gaman af þessu fyrirkomulagi.

### **Námsmat:**

Stuðst er við símat með sérstakri áherslu á verkefnavinnu nemenda. Nemendur með sértækar námsþarfir fá aðlagð námsefni þar sem reynt er að fylgja sama viðfangsefni og bekkurinn er í hverju sinni.

### Mat og tillögur til úrbóta:

Almennt gekk vel í vetur og hefur kennslan er mjög leiðbeinandi orðin og mun bara aukast á næsta ári. Haldið verður áfram með það þróunarstarf á næsta ári. Skerpa á einstaklingsmiðun í faginu og þá sérstaklega náttúrufræði.

Árganga Blandaðir hópar í þema verða þrisvar sinnum á næsta ári.

Á næsta ári verður unnið meira með vettvangsnám og verklega kennslu í náttúrufræði.

### Jákvæður agi/gæðahringir

Bekkjargundir voru haldnir tvisvar sinnum í viku og voru ætlaðir til að fara yfir grunnþætti jákvæðs aga, til þess að kenna og efla félagsfærni nemenda. Fundirnir voru einnig nýttir til að ræða fjölbreytt málefni og atvik sem komu upp og að nemendur töldu mikilvægt að væru tekin fyrir og rædd.

Mat og tillögur til úrbóta: Það mætti vera markvissara skipulag varðandi umræðuefni á fundum og meiri samfella á milli umsjónarhópa þannig að allir hópar fái sömu upplýsingar og sambærilega bekkjargundi. Stefnt er að því á næsta skólaári að hafa bekkjargundina fullar 40 mínútur í stað 20 mínútna til þess að hægt sé að taka fyrir stærri málefni og kafa dýpra í verkefni heldur en hefur verið hægt hingað til.

## Foreldrasamstarf

Umsjónarkennarar héldu foreldrum upplýstum um námslega stöðu og líðan barna þeirra yfir veturinn. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar sinnum yfir skólaárið og var þar rætt velgengni og/eða áhyggjur kennara. Við vorum með nemendastýrð viðtöl að vori sem gekk vel og við viljum halda því áfram. Merkt var reglulega í námsmarkmið inn á mentor og þar gátu foreldrar fylgst vel með námsframvindu barnsins. Námsgögn nemenda voru aðgengileg inná Classroom og þar gátu foreldrar fylgst með, einnig höfðu þeir kost á að fá svokallaðan forráðamanna aðgang að Classroom, þar sem þeir sjá yfirlit yfir þau verkefni sem nemendur eiga eftir að skila.

Við hvetjum þó foreldra til þess að skrá sig inn á aðgangi barna sinna og skoða þannig verkefnin sem þau eru að kljást við og hvernig þeim er að ganga.

Mat og tillögur til úrbóta: Á næsta ári þarf að halda áfram að fara reglulega yfir hvernig foreldrar geti skoðað/fylgst með námsframvindu í gegnum aðgang síns barns inn á Google Classroom, til þess að koma í veg fyrir allan misskilning. Einnig væri hægt að nýta dagatalið á Mentor meira til þess að halda foreldrum upplýstum um verkefni og skiladaga þar sem flestir foreldrar eru komnir með appið og fá þá tilkynningar um leið og eitthvað er sett þar inn. Gott væri einnig að í foreldraviðtölum að hausti væri farið yfir það með foreldrum hvernig þeir skrá sig inn á aðgangi barna sinna á Classroom.

## Nemendasamtöl

Umhverfið okkar hér á unglingadeild er þannig að við eigum mjög auðvelt með að taka nemendur til hliðar og ræða einstaklingslega við þau. Sama hvort um er að ræða umsjónarnemendur eða aðra. Við erum mjög dugleg að nýta okkur þetta, eins eru nemendur okkar duglegir við að nýta sér gott aðgengi að okkur.

## Almenn samantekt

Veturinn var vel skipulagður af hálfu kennara hvað nám og svæði varðar. Áhersla var lögð á námsaðlögun og var mikið lagt upp úr því að gæta hagsmuna allra nemenda, hvort sem þeir hafa einhverjar sérþarfir í námi eða ekki.

Ánægja var með stundaskrá nemenda. Nestis- og matartímar eru á góðum stað í skránni og yfirleitt voru nemendur farnir frá okkur kl. 13:00. Á næsta skólaári stendur til að breyta smiðjutímum þannig að hver árgangur sé í smiðjum á sitthvorum tímanum og þannig verðum við með færri nemendur inn á svæði á meðan.

Með auknum nemendafjölda í unglingadeild verða vinnustundir óhjálvæmilega fjölmennari. Þar af leiðandi skiptir enn meira máli en áður að þær séu vel skipulagðar og svæðið sé vel nýtt. Við stefnum á að kynna okkur frekari leiðir til þess að gera vinnustundirnar sem skilvirkastar. Við breyttum vinnustundarsvæðinu þannig að það er nú tvískipt, annars vegar einstaklingsborð á öðru svæðinu og hópaborð á hinu svæðinu. Þannig þurfa nemendur að sýna fram á að þau séu að vinna í hópaverkefnum til að fá að sitja á hópasvæðinu. Þetta gerðum við til að ná betri vinnufrið í vinnustundum. Einnig var komið á

kubbakerfi þar sem nemendur festa kubb í ákveðnum lit á borðið sitt svo hægt sé að sjá í hverju þau eru að vinna. Á þessa kubba er svo hægt að festa aðstoðarmiða þannig að þau geti óskað eftir aðstoð án þess að þurfa að kalla eða hafa hendina uppi lengi ef það eru margir nemendur að bíða eftir aðstoð. Þetta hefur gefist vel og munum við halda áfram með þetta á næsta skólaári.

Mikilvægt er að passa að ákveðnir námshópar séu ekki í mörgum samliggjandi vinnustundum á sama degi. Fjöldi fagkennslutíma er í góðu samræmi við það vinnuálag sem æskilegt er á unglिंगastiginu. Hugsanlega væri hægt að bæta við einum fagkennslutíma á kostnað vinnustundar fjölda. Með slíku væri hægt að slíta í sundur óæskilegar samliggjandi vinnustundir.

Uppbrot og hreyfing hafa verið áberandi í starfinu í vetur. Áhersla var lögð á að gefa nemendum svigrúm til þess að hreyfa sig á skólatíma ef stemningin hefur verið þannig, auk þess sem við höfum lagt áherslu á að búa til góðan anda í hópnum með ýmsu uppbroti, til dæmis með búningadegi á Hrekkjavökunni og allskonar ratleikjum, skemmtileikum, þemafatadögum o.fl. á vordögum.

### **Hugmyndir til umbóta**

Stoðkennslan innan unglिंगadeildar er á góðri leið og verður haldið áfram með það á næsta ári.

Ánægja hefur verið með fyrirkomulag kennslu og áætlana og viljum við halda áfram á sömu braut. Við viljum leggja aukna áherslu á að þjálfarar nemendur í að koma fram og halda kynningar og fyrirlestra. Ætlunin er að leggja aukna áherslu á samþættingu, þar sem unnið verður með samþættingu námsgreina í aldursblönduðum hópum. Við viljum sérstaklega samþætta tungumálin mun meira og ætlunin er auk þess að festa í stundatöflu þartilgerða þematíma þar sem verður unnið að fjölbreyttum þemaverkefnum allan veturinn.

Við viljum vinna enn meira með virkni og vinnufrið í vinnustundum. Almennt eru nemendur meðvitaðir um að halda áætlun, en það þarf að hjálpa nemendum að koma sér að verki og skipuleggja sig. Einnig viljum við halda áfram að dreifa þeim meira í vinnustundum þegar margir hópar eru á svæðinu.

Við viljum halda áfram með skýrar reglur varðandi símanotkun - halda áfram að nota símakassana sem voru smíðaðir í vetur (helst nota þá enn meira). Teymið þarf að vera samstíga varðandi þá reglu og fylgja því vel eftir. Einnig viljum við halda áfram með símalausar vikur einu sinni í mánuði.

Erum ánægð með endurskipulagningu vinnustundarsvæðisins sem útskýrð var hér að ofan, þar sem það skiptist í hópasvæði og einstaklingsvæði. Munum halda því næsta skólaár.

Bæta þarf námsaðlögun bráðgerra nemenda með því hafa möguleikann á því að taka auka verkefni og próf. Þar er horft til þess að nemendur geti sótt einkunnina A með aukinni vinnu. Þetta hefur gefist vel í stærðfræði og íslensku og mætti útvíkka yfir í fleiri námsgreinar.

Varðandi námsmat þá erum við sammála um að það vanti fjólbláa markmiðið í mentor (Á góðri leið). Einnig viljum við fá að gefa nemendum 9. bekkjar lokabókstaf að vori til viðbótar við markmið og umsögn frá umsjónarkennar. Það hefur verið kallað eftir því úr foreldrahópnum og frá nemendum sjálfum og við kennararnir erum sammála. Við teljum að lokabókstafur gefi bæði nemendum og foreldrum betri

hugmynd um það hvar nemendur eru staddir í lok 9. bekkjar heldur en bara markmiðin og því minni líkur á að fólk verði ósátt eða að einkunnir í 10. bekk komi á óvart.

## Endurmat á starfsáætlun ÍSAT fyrir veturinn 2022-2023

### Nemendur

Í upphafi skólaárs voru ÍSAT nemendur níu og þar af fimm nýnemar. Ísat nemendum fjölgaði jafnt og þétt yfir veturinn og við lok skólaárs voru þau orðin 21. Nemendurnir dreifðust svona milli árganga: Í *fyrsta bekk* kom einn nemandi í nóvember frá Venesúela. Í *annan bekk* kom einn nemandi í apríl frá Sómalíu. Í *þriðja bekk* voru þrír nemendur í upphafi skólaárs frá Úkraínu, Póllandi og Sírylandi og í apríl bættist sá fjórði við frá Sómalíu. Í *fjórða bekk* kom einn nemandi frá Venesúela í nóvember. Í *fimmta bekk* var einn nemandi frá Úkraínu í upphafi skólaárs og í apríl koma annar nemandi frá Kólumbíu og í maí einn frá Sómalíu. Í *sjötta bekk* var enginn ÍSAT nemandi. Í *sjöunda bekk* voru tveir nemendur frá upphafi skólaárs, frá Úkraínu og Litháen og í maí kom svo sá þriðji frá Úkraínu. Í *áttunda bekk* var einn nemandi frá upphafi skólaárs frá Venesúela og í apríl kom annar frá Sómalíu. Í *níunda bekk* enginn ÍSAT nemandi í upphafi skólaárs en í desember kom einn frá Úkraínu og svo annar frá Sómalíu í apríl. Í *tíunda bekk* voru þrír nemendur frá upphafi skólaárs frá Sírylandi, Írak og Rúmeníu og í apríl bættist sá fjórði við frá Kólumbíu.

### ÍSAT teymi

Í byrjun skólaárs var einn kennari í 70% kennslu stöðu sem einnig sinnti verkefnastjórnun sem var 20% staða. Þegar nemendum fór að fjölga bættist við annar kennari í 100% stöðu og byrjaði fyrsta desember. Í apríl var ráðinn ÍSAT stuðningsfulltrúi sem fylgdi nemendum frá kl 8 - 13 út skólaárið. Síðar bættust við þrír ÍSAT stuðningsfulltrúar sem unnu að hluta til út skólaárið.

### Móttaka

Í upphafi skólaárs sinnti verkefnastjóri nær eingöngu aðlögun þeirra fimm nemenda sem komu nýir um haustið. Eftir aðlögun þeirra fóru stundatöflur allra ÍSAT nemenda að skýrast og fengu nemendur þá sérstakar ÍSAT kennslustundir. Þegar leið á haustið bættust nýir nemendur við og féllu þá ÍSAT kennslustundir annarra nemenda niður á meðan aðlögun stóð. Verkefnastjóri leggur einnig fyrir stöðumat í samvinnu við umsjónarkennara nemandans.

### Úthlutun kennslutíma

Allir nemendur fengu úthlutaða tíma í stundatöflu út frá *viðmiðunarstundatöflu fyrir Íslensku sem annað tungumál* ([sjá hér](#)). Við val á tímasetningu ÍSAT kennslustunda var haft samráð við kennarateymi á yngsta- og miðstigi og fundinn tími sem hentaði hverjum nemanda best. Nemendur á unglíngastigi mættu í ÍSAT kennslustundir þegar samnemendur þeirra voru í íslensku og dönsku, ásamt stökum vinnustundum.

### **Kennslan**

Allir ÍSAT nemendur fá IPAD til afnota í skólanum. Þannig geta nemendur tjáð sig á sínu tungumáli, þýtt texta eða notað viðbætur sem styðja þá í íslenskunáminu.

Kennslan fer bæði fram í rými sem er eingöngu fyrir ÍSAT nemendur eða inn á svæðum nemandanna. Einstaklings kennsla, maður á mann, er mikið notuð þegar verið er að kenna íslensk orð, þá er oft notað sérhæft myndrænt námsefni, plöstuð blöð. Nemendur vinna einnig í verkefnabækur og á Ipada. Eldri nemendur vinna eftir áætlun sem er uppfærð í hverri viku. Reynt er að hafa námsefnið og kennsluáðferðir eins fjölbreytt og hægt er. Þar sem það er tiltölulega stutt síðan farið var að skilgreina íslensku sem annað tungumál sem sér námsgrein er ekki mikið til af námsefni sem er sérstaklega hugsað fyrir þá námsgrein. Verið er að vinna í því. Engu að síður er hægt að nota ýmislegt námsefni sem var til áður bæði af vefnum og í bókum. Einnig hafa kennarar nýtt sér erlent efni og þýtt yfir á íslensku.

### **Námsmat**

ÍSAT kennarar merktu í markmið hvers nemanda út frá því á hvaða stigi í hann vann (hæfniviðmið í Íslensku sem annað tungumál). Mestmegnis var stuðst við símat og leiðsagnarmat. Nemendur á mið og elsta stigi unnu einnig matsverkefni og kannanir. Umsjónarkennarar og fagreinakennarar sáu um námsmat annarra námsgreina.

Hvað varðar ÍSAT nemendur sem ljúka grunnskóla tekur verkefnastjóri þátt í skólaskilum í samvinnu við námsráðgjafa og stoðkennara á unglíngastigi.

### **Vangaveltur í lok skólaárs**

Næsta vetur verða fleiri kennarar í ÍSAT kennslu ásamt því sem hlutfall verkefnastjórnunar eykst í 40% stöðu. Það verða alls fjórir kennarar í hlutastörfum. Við sjáum fyrir okkur að geta skipt okkur niður á stigin og að hver kennari geti starfað meira með umsjónar- og stoðkennurum á hverju stigi. Það myndi styrkja kennsluna og einnig verða ÍSAT kennarar betur inn í skipulagi hvers teymis og öfugt, t.d. hvað uppbrot varðar og samþættingu námsgreina.

Við rákum okkur á að mikil þörf er á stuðningi erlendra nemenda inn í bekk, sérstaklega á yngri stigum og gert verður ráð fyrir auknum stuðningi við þá næsta vetur.

Verkefnastjórinn sem sér um móttöku nýrra nemenda og aðlögun þeirra mun þá geta sinnt því án þess að fella niður allar ÍSAT kennslustundir hjá einstaka nemendum. Einnig gefst þá betri tími til að leggja fyrir stöðumat. Hugmyndin er að ÍSAT kennslustundir hjá verkefnastjóra séu eins konar áætlunar- og samskiptatímar (nemendasamtöl) sem dreifast til allra ÍSAT nemenda. Einnig er hugmyndin að gefa lífsleikni og mennignarfærni meira vægi hjá ÍSAT nemendum.

Þar sem kennsla og utanumhald ÍSAT nemenda er nýtt skipulag er ýmislegt sem mætti skýra betur í upphafi næsta árs.

- Hlutverkaskipting milli verkefnastjóra, ÍSAT kennara og umsjónarkennara
- Hvað tekur við að lokinni aðlögun
- Utanumhald námsefnis í ÍSAT og í öðrum fögum inn í bekk.
- Yfirsýn/skipulag varðandi félagsleg tengsl nýs nemanda.
- Festa reglulega fundatíma fyrir upplýsingagjöf milli ÍSAT kennara og kennarateyma
- Stuðningur yngri nemenda í bekk, frímínútum, matsal o.fl.

## Endurmat á starfsáætlun verkgreinar fyrir veturinn 2022-2023

Námsumhverfi/skipulag

**Í íþróttum komu nemendur í heilum árgöngum svo það var lítið um hópaskiptingar** en við erum auðvitað að skipta í hópa og lið og einingar nær alla íþróttatíma. Þegar við skiptum í hópa í íþróttatímum reyndum við að notast við fjölbreytta hætti, skipta eftir stærð, afmælisdögum, afmælistánuðum, íþróttaiðkun, vinum og stundum ráða þau sjálf. Íþróttakennarar sáu um að skipta í sundhópa í öllum árgöngum nema 1. bekk þar sem sundhópar réðust af þátttöku á frístundaheimilinu. Í vetur var skipt eftir getu í sundhópa í 2.-7. bekk þar sem við því var komist en einnig reynt að horfa í vinatengsl og blanda þannig í hópa að þeir virkuðu vel. Á miðstiginu var einn hópur blandaður af 4 og 5. bekk því þeim var skipt í fimm hópa, tveir með 4. bekkingum, tveir með 5. bekkingum og svo einn blandaður. Á unglingsstigi var horft í vinatengsl og hvernig hóparnir virka best en hugsuðum mikið til kynjaskiptingar sem nemendur töluðu einnig um að þau myndu vilja sjá.

Fyrsti stundtími að hausti hjá unglingum og aftur þegar skipt var um hópa í janúar var bóklegur í power point skyggulýsingu. Þar var farið yfir fyrirkomulag sundtíma og markmið ásamt allmennum spjalli um óskir og væntingar til sundtíma með nemendum. Nemendur settu sér persónuleg markmið á miða í lok tíma. Gekk mjög vel og væri gaman að þróa áfram í íþróttum líka.



Stundatafla ársins var ekki á allan hátt fullkominn.

Við komum öll að kennslu nær allra nemenda skólans sem var mikið álag á köflum. Einnig var lítil tími fyrir okkur sem kenndum sund í 4. og 5. bekk til að komast úr íþróttakennslu í sundkennslu sem varð til þess að við fengum lítinn sem engan tíma í hádegismat þessa mánudaga í vetur. Á þriðjudögum byrjaði einn íþróttakennarinn í sundlauginni og kenndi þar 3 kennslustundir og hafði svo 20 mín frá því kennslu lauk þar til hann átti að hefja kennslu uppi í Naustaskóla – á þessum 20 mín þurfti að koma fyrir frágangi eftir sundkennslu (sem er mis mikill eftir verkefnum), kaffitíma starfsmanns og ferð milli starfsstöðva.

Miðvikudagar voru vel upp settir og fimmtudagar voru í miklu uppáhaldi og höldum við að þar skipti máli skipulag dagsins og þarfir nemenda því á fimmtudögum náðist mikil samfella yfir daginn með 1.-5. bekk í kennslu. Það er oft flókið og þarfnast flókens undirbúnings og skipulags að hlaupa úr kennslu á unglingastigi og yfir í kennslu á yngsta stigi fyrir einn árgang sem kemur inn á milli hér og þar.

Við notum fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur fá oftast upplýsingar um verkefni og markmið tímans í upphafi þar sem allir sitja saman í miðju rýminu. Þar gefst nemendum tækifæri til að spyrja og glöggva sig á verkefni tímans. Eftir viðfangsefnum er þeim svo skipt í hópa eða send af stað í leiki og æfingar. Við komum svo aftur saman í lok tímans og reynum að taka saman niðurstöðu stundarinnar.

Árinu skiptum við í þemu eins og við höfum gert hingað til og reynum að skipta þemunum í samræmi við það sem er að gerast í samfélaginu okkar. Kennsluáætlanir voru við með en birtum enga þeirra á vefsvæði aðgengilegum foreldrum. En þeir foreldrar sem á þurftu að halda fengu sendar áætlanir.

Við byrjuðum með langþráðan draum í vetur og settum af stað í íþróttum árgangamót á unglíngastigi. Fyrirkomulagið var þannig að á síðasta þriðjudag hvers mánaðar var keppt í einhverri íþrótt (fótbolti – körfubolti – boccia – gryjubolti – bandý – badminton – kýló – hjól), í boði voru keppnir í hóp og einstaklingíþróttum. Nemendur söfnuðu stigum í hverri keppni sem einstaklingar og það var hægt að fá stig fyrir dómgæslu og skráningar. Þau skráðu sig sjálf í lið og hlutverk og ef þeim þóknaðist ekki að taka þátt var í boði að fara í göngutúr þennan tiltekna þriðjudag. Með þessu vorum við að reyna að höfða til þeirra sjálfstæðis – að þau fengju sjálf að raða sér í lið eftir ákveðnum fyrirmælum og innan ákveðins ramma. Þarna fengu þau líka tækifæri til að taka þátt á eigin forsendum annað hvort sem dómari, keppnismaður eða láta þetta fram hjá sér fara.

Við myndum vilja sjá í framhaldinu að hvert okkar komi bara inn í kennslu á tveimur stigum (yngsta og mið / mið og elsta / yngsta og elsta) sem við teljum að minnki álag þó okkur finnist öllum ótrúlega gaman að kenna öllum skólanum þá er hitt of mikið að okkar mati. Við myndum líka vilja sjá meiri samfellu í íþróttahúsinu þar sem eldri nemendur eru í íþróttum í beit og yngri aðra daga (6.-10. á mán og fim, 1.-5. á þri og fös, sem dæmi)– það myndi auðvelda allt skipulag hjá okkur og uppsetningu á sal.

Við myndum vilja verja minni tíma í upplestur í upphafi tíma og það er verkefni sem við ætlum að taka með okkur inn í haustið – finna góða útfærslu.

### Námsgreinar

Við kennum íþróttir og sund. Fylgjum stefnu skólans eftir bestu getu og höfum virkjað griðastað í íþróttasalnum sem var virkur í vetur. Við gerðum einnig bekkjarsáttmála með öllum árgöngum sem voru hengdir upp í upphafi dags nær hvern einasta dag og teknir niður í lok dags því við deilum kennslurýminu okkar með íþróttafélögum Akureyrarbæjar.

Sundið er kennt í sundlaug Akureyrar þar sem við erum hluti af starfstöð utan Naustaskóla sem hefur allskonar samskipti og skipulag með í för sem gekk vel en tekur tíma.

Íþróttir voru utanhúss í 5 vikur að hausti og aftur að vori og er það alltaf jafn gaman og veðrið leikur við okkur alla daga. Þar erum við að kynna fyrir nemendum okkar allskyns útileiki og hjóla, hlaupa og ganga með þau um okkar nánasta umhverfi með von um að kveikja hjá þeim löngun og forvitni til að njóta á eigin forsendum.

### Námsmat

Íþróttakennarar skrá markmið þegar við höfum náð að skrá hjá okkur getu og hæfni nemenda sem við reynum að gera tvisvar til þrisvar yfir árið, eða jafnóðum ef það á við. Í ár var ákveðið að í fyrstu foreldraviðtölum myndum við gefa yngsta stigi umsagnir og í næstu viðtölum miðstigi og elsta stigi. Þetta gekk mjög vel og féll í góðan jarðveg umsjónarkennara, foreldra og nemenda.

### Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra gekk vel. Við höfðum samband heim ef þurfti varðandi íþrótt- og sundkennslu. Ef um stór atvik er að ræða gerum við það símleiðis og samdægurs ef það er hægt. Annars notumst við við mentor.

### Almenn samantekt

Veturinn hefur gengið vel. Mikið hefur verið að gera og svolítið um afleysingar vegna veikindaleyfis innan teymisins en allt gekk þetta vel og setti sætan svip á veturinn.

Við sáum um skipulag ólympíuhlaups ÍSÍ, Grunnskólamót í fótbolta fyrir unglíngastig, Útivistardagsins að hausti, komum að skipulagi skíðadagsins í febrúar, sáum um skipulag stöðva fyrir yngri börnin á nemendadeginum, sáum um skipulag á árshátíðardegi barnanna og Unicef hlaups að vori.

Við teljum okkur mjög sveigjanleg í starfi til að láta skólastarfið ganga sem best. Við mætum oft utan okkar vinnutíma til að setja upp leiki og verkefni skólanum í hag og myndum vilja að því sé haldið til haga og metið að verðleikum.

# Endurmat á starfsáætlun verkgreinar fyrir veturinn 2022-2023

## Námsumhverfi/skipulag

Í **2. og 3. bekk** voru 66 nemendur. Þrjár smiðjur voru kenndar; textíl(Valdís), myndmennt(Halla) og heimilisfræði (Elín/Bobba). Nemendur komu í smiðjur bæði fyrir og eftir áramót. U.þ.b. 10 skipti í hverja smiðju fyrir sig fyrir jól, og svo 10 skipti eftir jól. Kom hver hópur 2 x í viku og var fjöldi nemenda í hópi um 11. Hver kennslustund var 80 mín.

Í **4.- 5. bekk** voru 67 nemendur. Fimm smiðjur voru kenndar þ.e. textílmenn, myndmennt, smíðar(Anna), heimilisfræði Elín/Alda og upplýsingamennt (Paula). Í hverjum hópi voru upb 15 nemendur. 1 hópur kom 2 í viku og var það nýbreytni að ekki voru 2 hópar í rúllu. Hver smiðja var mjög stutt eða ca 12 skipti . Það leiddi til of stórra hópa eða um 15. Hver kennslustund var 80 mínútur.

Í **6.-7. bekk** eru 79 nemendur. Fjórar list- og verkgreinasmiðjur voru kenndar þ.e. textílmenn, myndmennt, smíðar og heimilisfræði. Í hverjum hóp eru 10-11 nemendur. 2 hópar komu tvisvar í viku í 80 mínútur í senn og kom hver hópur í 16-18 skipti í hverja list- og verkgrein.

Í **8. – 10. bekk** voru 137 nemendur. Um 10 kennarar kenndu í smiðjum á unglíngastigi. Nemendur á unglíngastigi völdu 2 smiðjur af 10. Eftir áramót var þeim skipt aftur og margir fóru í sérstaka hópa tengda árhátíðarundibúningi.

Nemendur á unglíngastigi völdu sér líka námsgreinar svokallað Val og þau valfög sem undirritaðar kenna eru nefnd hér á eftir.

## Námsgreinar

Kennsluhættir í list og verkgreinum eru mjög fjölbreyttir. Einstaklingsmiðun er mikil þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins er gaumur gefinn samhliða því að taka mið af því sem nemendur eiga sameiginlegt. Námsmarkmið eru sýnileg í list- og verkgreinastofunum. Námsmarkmið eru kynnt nemendum hverju sinni þannig að nemendur séu meðvitaðir um hvað er ætlast til af þeim. Verk nemenda skólans eru gerð sýnileg með ýmsum hætti. Verkum nemenda er stillt upp í glerskápum og hillum í matsal skólans. Verk eru oft hengd á vegg, í loft og í glugga og gerð þannig sýnileg öllum nemendum skólans og öllum þeim sem leggja leið sína um hann.

## Myndmennt Halla

Í myndmennt er reynt að koma til móts við alla nemendur og aðlaga verkefni að hverjum og einum. Kennarinn er meira sem leiðbeinandi sem leggur fram verkefni sem þau útfæra eftir sínum leiðum og er til staðar til að leiðbeina í fýsilegan farveg. Námsáætlun er gerð að hausti og hangir í stofu og í upphafi hvers verkefnis er markmið útskýrt, tilgangur og mismunandi leiðir.

Í myndmennt voru áherslur ólíkar eftir aldri. Í **2. og 3. bekk** var lögð áhersla á að kynnast fjölbreyttum aðferðum og fá að prófa allskonar. Lögð var áhersla á litablöndun, formfræði, leirmótun og frjálsa sköpun. Mjög oft voru verkefni tengd þemavinnunni sbr. fuglaþema, græna gauknum og fiskiþema. Þessir tímar gengu yfirleitt vel en kennslustundin er of löng. 80 mínútur eru of langur tími fyrir 2. og 3. b í myndmennt.

Í **4. og 5.b** var markmiðið að vinna að litafraði og lithringnum, kynnast fjarvídd, vinna í pappamassa og frjálstri sköpun. Þessi smiðja gekk yfirleitt vel en var mjög stutt miðað við hina hópana. Þessir tímar voru meira kynning á aðferðum vegna stuttra smiðju. Reynt var eftir fremsta megni að tengja nokkur verkefni við þema.

Í **6. og 7. bekk** var mikil áhersla lögð á litablöndun, teikningu, formfræði og fjarvídd. Þessir tímar gengu misjafnlega vel eftir hópum. Yfirleitt voru nemendur glaðir og ánægðir. Reynt var líka eftir fremsta megni að höfða til þeirra og fá þau sjálf til að leita lausna ef þurfti. Leitast var við að tengja verkefni við þemu.

### **Smiðjurúlla í 8. – 10. bekk.**

10 kennarar kenndu í smiðjum á unglíngastigi. Nemendur á unglíngastigi völdu 4 smiðjur af 8. Boðið var upp á Náttúrurfræði. Leir og smíðar, Pappamassasmiðju, Þrjón og hekl, Að huga að eigin heilsu, Menningu, Heimilisfræði, Fegrum umhverfið, Árshátíðarskrif og Origami.

Myndmenntakennari fékk 2 hópa fyrir áramót. Viðfangsefnið var pappamassi.

Nemendur kynntust pappamassagerð og unnu einir eða með öðrum að hlut sem þeir útfærðu sjálfir. Þetta gekk yfirleitt vel.

Eftir áramótin kom stór hópur sem var fram að árshátíð og vann að undirbúningi fyrir leikmynd Encanto. Nemendur unnu úr pappamassa ýmislegt sem notað var í sýningunni. Þeir máluðu líka húsið sjálft, Encanto. Þetta gekk yfirleitt vel en stundum var dálítið erfitt að halda þeim við efnið.

Einn hópur kom svo eftir páska í sama viðfangsefni og var í boði fyrir jólin og unnu í pappamassa.

### **Val í 8.-10.bekki:**

#### **Myndmennt - haust (Halla Jóhannesdóttir og Hrönn Rúnarsdóttir)**

Mikilvægt er að nemendur velji myndmennt af áhuga. Borið hefur á að þetta sé valið af öðru en áhuga. En í ár voru mjög margir sem völdu myndmennt svo það þurfti að skipta í tvo hópa. Voru því tveir hópar fyrir áramót, annar hópurinn undir leiðsögn Hrannar Rúnarsdóttur og hinn í umsjá Höllu. Við skipulögðum okkur saman með smá hliðarsporum. Tímarnir gengu frekar vel og var fengist við verkefni tengt hugmyndavinnu, litablöndun, teikningu og frjálstri sköpun. Vettvangsferðir og fl.

#### **Leir/sköpun og Myndmennt (Halla Jóhannesdóttir)**

Eftir áramót var brugðið til þess ráðs til að koma til móts við þann fjölda að hafa myndmennt líka í boði í leir og sköpun. Mjög margir voru í þeim hóp eða 27 nemendur. Hrönn og Halla tóku að sér að kenna saman en Hrönn þurfti frá að víkja svo Halla sá um hópinn ein fram að skólaslitum. Þar var áherslan lögð á leir en hann var ekki skylda svo framarlega sem nemendur höfðu góðar hugmyndir að öðrum verkefnum. Reynt var að leggja áherslu á gott skipulag og góða yfirsýn og að nemendur temdu sér hugmyndavinnu áður en hafist var handa. Þetta var eðlilega allt of margt fyrir eina manneskju en gekk nokkuð vel. En nemendur fengu ekki mikla aðstoð eins og gefur að skilja.

## Barnasáttmálinn

Bekkjarsáttmáli var gerður í upphafi annar í myndmennt og var farið í hann með öllum hópum. Í myndmennt eru greinar barnasáttmálans tengdar við bekkjarsáttmálann og umræður voru margar þar að lútandi. Grein mánaðarins rædd og ýmis mál báru á góma sem hægt var að tengja við réttindi barna og unicef almennt.

## Jákvæður agi

Í list- og verkgreinum er kappkostað við að æfa samskiptahæfni, samvinnu og gagnkvæma virðingu. Hvatning er höfð að leiðarljósi og fjölbreytileikanum fagnað. Lausnahjólið sýnilegt á svæðinu og kynnt nemendum sérstaklega.

**Upplýsingatækni** Við nýtum okkur tölvur og Ipad í okkar kennslu, í hugmyndavinnu með nemendum og sem kveikju að hinum ýmsu verkefnum. Prentari er inni á svæðinu okkar sem við nýtum mikið við gerð hina ýmsu verkefna með nemendum. Myndmenntakennari þarf að fara á námskeið í starfænni myndmenntakennslu. Það sárvantar sjónvarpstæki á svæðið!!!

## Árshátíð

List og vergreinateymið og íþróttateymið sá um skipulag árshátíðar. Er varðar æfingar á sviði, uppröðun atriða og fleira í þeim dúr. Nemendur unglingastigs tóku mikið þátt í að gera leikmynd og búninga fyrir Encanto og var unnið sleitulaust að gera það klárt fram á síðasta dag.

## Aðalnámskrá grunnskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur að megin tilgangur list- og verkgreina sé að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Í smiðjunum fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna og líkamann í tíma og rúmi og tengja þannig á milli hugmyndar, verka og hluta. Þetta eykur hæfni nemenda til að takast á við síbreytilegan heim á persónulegan, gagnrýnin og skapandi hátt.

## Námsmat

Inni á mentor eru markmið list- og verkgreinakennara. Verkefni eru lögð fyrir nemendur og eiga nemendur að vinna og sýna fram á að þau hafi náð settum markmiðum. Í vetur var ákveðið að haka ekki í markmið í myndmennt þar sem þau eru ekki nógu góð, Til stendur að breyta markmiðum og breyta þeim úr þekkingarmarkmiðum í lykilhæfniviðmið og þarf það að gerast fyrir haustið. Kennarar skrifuðu bara umsagnir í mentor að þessu sinni.

## Nemendasamtöl

Ekki voru formleg nemendasamtöl á milli list- og verkgreinakennara og nemenda. En mikil samræða á sér stað í hverjum hópi í list- og verkgreinum og hefur reynslan sýnt að óformlegt nemendasamtal á sér stað allan daginn, alla daga á milli kennara og nemenda.

## Teymisvinna

Árið í ár var um margt mjög sérstakt. Kennarar teymisins fóru í veikindaleyfi hver af öðrum. Þegar þetta er

skrifað er ekki vitað hver tekur við smíðakennslunni næsta vetur og ekki heldur hvernig fyrirkomulaginu í heimilisfræði verður háttað..

Teymið í list og verkgreinum vinnur ekki eins og hin teymin. Þau teymi vinna náið saman en við skipuleggjum okkar kennslu ekki á neinn hátt saman. Stundum kemur það fyrir að við brjótum upp og gerum eitthvað en það er teljanlegt á fingrum annarrar handar.

Við hittum Bryndísi annan hvern mánudag en þeir fundir urðu nú færri og færri eftir því sem á skólaárið leið.

### **Nokkur mál sem okkur finnst megi betur fara:**

- Kennslustundir í 2.-3 bekk eru of langar að mati myndmenntakennarans. 60 mínútur er fullkominn tími.
- Þegar kennari tilkynnir forföll að morgni þyrfti að vera búíð að leysa það áður en kennslustund hefst hjá viðkomandi hópi sem var kannski rétt fyrir hádegið. Of oft gerðist það að ekki var búíð að leysa málín og komst þá óróleiki á hópinn.
- Það er umhugsunatriði fyrir stjórnendur að hlúa að list og verkgreinakennurum. Þeir eru mjög eingangraðir og það má kannski koma þeim í önnur teymi svona félagslega séð svo þeir visni ekki bara upp.....
- Það vantar sárlega sjónvarpsskjá inn í stofuna. Best væri ef það væri gagnvirkt. Þetta kemur niður á allri kennslu, sérstaklega þegar kynna á listamenn og verk þeirra. kennari þarf líka alltaf að leita að millistykki til að tengja tölvu við skjávarpann og það dregur svo úr stemningunni og áhuganum ekki síst hjá kennara.

## **Endurmat á starfsáætlun náms- og starfsráðgjafa fyrir veturinn 2022-2023**

Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa er 80% við skólann og var hann við 4 daga vikunnar.

Með alhliða áætlun vinna náms- og starfsráðgjafar í nánú samstarfi við stjórnendur og starfsfólk skólans, sérfræðingum, foreldrum og öðrum í samfélaginu sem koma að málum barna og tengjast velferð þeirra. Persónulega ráðgjöf snýst m.a. um aðstoð við einstaka nemendur við að takast á við persónuleg- og félagsleg vandamáli sem hafa áhrif á skólagönguna. Snemmtæk íhlutun er góð forvörn og getur komið í veg fyrir tilfinninga - og eða aukinn vanda síðar á ævinni. Starf náms- og starfsráðgjafa hefur í vetur að miklu leyti falist í persónulegri ráðgjöf og vinnu með einstaka hópum og fræðslu.

### **Viðtöl**

Veturinn 2022 - 2023 voru nemendur í Naustaskóla kringum 380. Eins og undanfarin ár hefur mestur þungi verið í persónulegri ráðgjöf. Nemendur sem notuðu persónulega ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa voru 124 eða í kringum 32% nemenda og skráður fjöldi viðtala um 300. Það voru 72 drengur sem fengu þjónustu eða 60% og stúlkur 49 eða 40%. Aldursdreifing er nokkuð jöfn að öðru leyti en því að mesti þungi viðtala var á miðstigi. Ýmist óskuðu nemendur sjálfir, foreldrar þeirra eða kennarar eftir viðtali við námsráðgjafa og reyndi námsráðgjafi eftir fremsta megni að fylgja þessum málum eftir.

## Samstarf við aðra

Námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði einu sinni í viku og kom að öðrum málum þar sem óskað var eftir. Hann var einnig í forvarnarteymi skólans og skólaráði og sat fundi í teymi unglingadeildar.

Forvarnarteymi Akureyrarbæjar: Náms- og starfsráðgjafinn sat fundi fyrir hönd náms- og starfsráðgjafa Akureyrarbæjar ásamt fulltrúum frá öðrum sviðum svo sem forvarnarfulltrúum framhaldsskólanna, lögreglu og barnavernd ofl aðilar. Einnig var hann í samstarfi við aðra náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Akureyrar sem m.a. sáu um Starfamessu sem haldin var í Háskóla Akureyrar fyrir nemendur í 9. og 10. bekk á svæðinu.

Eineltis- og samskiptamál: Náms- og starfsráðgjafinn sinnti vinnu vegna samskipta vandamála sem gerðu vart við sig og kom hann að því að fylgja eftir tengsla könnunum sem lagðar voru fyrir alla árganga. Einnig hélt hann utan um fræðsluáætlun í tengslum við forvarnir gegn einelti. Umsjónarkennarar sáu síðan um fræðslur í sínum bekkjum á degi gegn einelti sem er í nóvember ár hvert.

Skil milli grunnskóla og framhaldsskóla: Náms- og starfsráðgjafinn fylgdi nemendum á sem þurftu að halda, upp í framhaldsskólann sem fól í sér fund með foreldrum, barninu sjálfu sem og brautarstjóra.

Nemendur í 9. og 10. bekk fengu kynningu á framhaldsskólunum á Akureyri og fóru heimsóknir í skólana sem og í Framhaldsskólann á Laugum.

Námsráðgjafi var í DAM teymi en DAM er byggt á grunni díalektískrar atferlismeðferðar: Teymið fundaði einnig með öðrum sem voru að kenna námsefnið á fjarfundum og fór jafnframt á námskeið til Reykjavíkur. Naustaskóli tók þátt í að tilraunakenna námsefnið í 8. bekk og verður því haldið áfram næsta skólaár. Einnig hefur námsráðgjafi setið einstaka fundi í teymi sem snýr að heilsueflandi grunnskóla og Réttindaráði.

Náms- og starfsráðgjafi sótti námskeið um BOFS er varðar innleiðingu á farsældarlögum. Einnig hefur námsráðgjafi lokið leiðbeinendanámskeiði Verndarar barna sem er forvarnarnámskeið í forvörnum gegn kynferðisofbeldi.

## Fræðsla og námskeið

1. bekkur: Vinna með félagsfærni og sjálfstjórn fyrir nemendur í minni hópi í 1. bekk (námskeið).

2. bekkur: Þinn frábæri heili, fræðsla um hugarfarvaxtar. Hvernig við getum mótað heilann og þroskað.

3. bekkur: Fræðsla og forvarnir gegn kynferðisofbeldi var í 3. bekk og horfðu nemendur á *teiknimyndina Leyndarmálið* - segjum nei, segjum frá og unnu þau verkefni í tengslum við fræðsluna. Námsráðgjafi sá um fræðsluna.

8. bekkur: Nemendur fengu kennslu í DAM Leikni til lífs: Félags- og tilfinningafærni einu sinni í viku. Byrjað er að tilraunakenna námsefnið undir handleiðslu þeirra sem halda utan um útgáfu efnisins. Rannsóknir hafa sýnt að kennsla á þessu sviði, þ.e. í félags- og tilfinningafærni (e. social-emotional learning), styður við farsælan þroska og velferð barna og ungmenna, þ.m.t. við námsárangur. Þar að auki hefur verið sýnt að jákvæðra áhrifa af slíkri kennslu gætir allt að 18 árum síðar, samanborið við nemendur sem hljóta ekki kennslu af þessum toga. Að auki kemur þetta námsefni inn í lífsleikni/ samfélagsgreinar og beinist að ákveðnum hæfniviðmiðum í aðalnámskrá grunnskóla um samskipti, samfélag ofl..

10. bekkur: Fékk fræðslu um áhugasvið og tóku þau [Bendil áhugasviðskönnun](#). Námsráðgjafi fór yfir niðurstöður með hverjum og einum nemanda í kjölfarið. Langtímarannsókn á íslenskum ungmennum sem

gerð hefur með stöðlun Bendils sýnir að nemendur velja sér smám saman nám og starf sem samsvarar áhugasviðum þeirra.

Boðið var uppá námskeið í prófkvíða fyrir nemendur sem á þurftu að halda.

### Námskeið fyrir kennara:

Námsráðgjafi var með endurmenntun/námskeið á haustdögum um núvitund og samkennd í eigin garð, fyrir kennara og starfsfólk grunnskóla.

Einnig kenndi námsráðgjafi kennaranemum á 2.ári í einni staðarlotu í Háskólanum á Akureyri; *Samtalstækni grunntækni og árangursrík samskipti við foreldra og samstarfsfólk*. Að auki sinnti námsráðgjafi eigin endurmenntun með margvíslegum hætti.

**Forvarnar og félagsmálaráðgjafar** skipuleggja forvarnafræðslur fyrir grunnskóla Akureyrar, þau sjá ýmist sjálf um fræðslur og jafnframt stýra utanaðkomandi fræðslum sem koma inn í grunnskólanna.

[Hér](#) má m.a. sjá upplýsingabækling um fræðslur og þær fræðslur sem voru í vetur.

10., 9. og 8. bekkur: Sjúkást

10.bekkur: Vímuefnafræðsla

10.bekkur: Markmiðasetning.

9.bekkur: Sjálfsmynd og líkamsmynd

9.bekkur: Kynbundið ofbeldi.

8. bekkur: Fíknihegðun tengt snjalltækjum ofl.

8.bekkur: Stafrænt ofbeldi (lögreglan)

8. og 7. bekkur: Vape og nikótín fræðsla

7. bekkur: Birting á ofbeldi(lögregla)

7. og 9.bekkur: Hinsegin fræðsla

5.bekkur: Netíð og samskiptamiðlar

3.bekkur: Leyndarmálið, *segjum nei, segjum frá* ( náms- og starfsráðgjafi)

2.bekkur: Krakkarnir í hverfinu.

1.bekkur: Líkami minn (skólahjúkrunarfræðingur)

### Forvarnir

Starfsfólk grunnskóla veit að skólaforðun er alvarleg og hefur afleiðingar fyrir barnið. Það getur verið þungt í vöfum að fást við þennan vanda en mjög mikilvægt að gripið sé inn í hann af fullum þunga ef nemendur sína merki um skólaforðun. Í [rannsókn](#) á vegum Velferðarvaktarinnar kemur fram að það séu um eitt þúsund grunnskólanemar sem að staðaldri forðast að sækja skóla. Brotthvarf úr framhaldsskóla á sér oft langan aðdraganda og hefst oft í grunnskóla. Sérstaklega þarf að huga að þeim hópum sem eru í áhættu og nauðsynlegt að allir sem koma að barninu vinni saman að því er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum þess.

### Niðurstaða

Mesti þunginn í vetur hefur verið á persónulegan vanda og líðan sem hefur fengið töluvert pláss af tíma námsráðgjafa. Námsráðgjafi hefur lagt áherslu á að unnið sé að því að kenna börnum á öllum aldri aðferðir og leiðir sem gefa börnum færi á að þroska færni sína til að takast betur á kröfur daglegs lífs og þannig unnið að markmiðum sínum og geti aukið lífsgæði sín og hamingju. Í vetur fékk Naustaskóli styrk frá Lýðheilsusjóði til að efla þekkingu starfsfólks á velferðarkennslu og var áhersla í vetur á núvitund mikilvægt



er að halda því starfi áfram.

## Innra mat skólaárið 2022 - 2023

### Mat með tilliti til áherslna skólans – samantekt stjórnenda.

Litamerkið hvert viðmið eftir því sem ykkur finnst hæfa miðað við starfið í vetur í ykkar námshóp / teymi. Grænt = á alveg við / Gult = á við að miklu leyti / Rautt = þarfnast úrbóta (Sleppið að lita þætti sem eiga ekki við) Setjið inn athugasemdir eftir þörfum og tillögur til úrbóta undirstrikaðar eftir því sem við á. Dæmi um hvernig þetta gæti lítið út:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
  - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra  
Námsáætlanir hafa verið útbúnar en þær hafa ekki verið aðgengilegar fyrir foreldra. Á næsta ári verða allar námsáætlanir aðgengilegar bæði nemendum og foreldrum í gegnum mentor og/eða One Note.
  - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum  
Er ekki raunin, flestir nemendur fylgja sömu áætlun. Hugmyndir að úrbótum: Nýta teymisvinnuna frekar til að búa til mismunandi áætlanir eftir áhuga, námsstíl...
  - Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum  
Þetta hefur gengið eftir, ekki þörf á úrbótum!
  - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda  
Gætum gert betur... úrbætur...?

## Námshópur / teymi:

### Námsaðlögun

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
  - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra
  - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum
  - Einstaklingsáætlanir eru til staðar/ fyrir nemendur eftir þörfum
  - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
  - Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
  - Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega
- **Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt**
  - Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans
  - Allir nemendur lesa á hverjum degi
  - Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt
- **Nemendur rækti sköpunarhæfileika sína**
  - Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu
  - Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt
  - Leikur er nýttur sem kennsluáferð
  - Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar
- **Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum**
  - Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni
  - Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur
  - Á mið- og unglingsstigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa val um leiðir í náminu
  - Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirra

## Athvarf

### Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Nemendum líði vel í skólanum**
  - Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjusamt og vingjarnlegt við nemendur
  - Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi
  - Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum
  - Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum
- **Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi**
  - Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum
  - Námsgögn eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda
  - Námsgögn allra aldurs hópa innihalda m.a. bóka/lestrar króka, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausnastað, rólegt svæði, hópavinnusvæði o.s.frv.
  - Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins
  - Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt
  - Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu
- **Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi**
  - Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á
  - Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tök eru á
  - Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn

## Umhyggja og virðing

### Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti**
  - Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólastarfinu
  - Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi
  - Nemendur og starfsfólk þekkir og fylgir skólasáttmála
  - Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís
  - Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi
  - Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum
  - Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum
- **Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum**
  - Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum
  - Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra
  - Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og umhyggju
  - Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað
- **Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti**
  - Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda

## Samvinna

### Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum**
  - Allir starfsmenn skólans vinna í teyrum
  - Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir
- **Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum**
  - Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda

- Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum
- eftir þörfum Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftar.
- **Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna**
  - Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans
  - Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans
  - Viðeigandi starfs-, (kennslu) og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef
- **Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu**
  - Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirliggjandi gögnum
  - Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans
  - Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu
  - Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta
  - Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst í teymiskennslunni
- **Nemendur læra markvisst að vinna saman**
  - Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda
  - Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólaþingi eldri nemenda árlega

## Táp og fjör

### Markmið / viðmið um starfshætti

- **Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel**
  - Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu
  - Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni
  - Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega
  - Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkvöld og fl.
- **Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð**
  - Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu
  - Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi
  - Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda
  - Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

## Allir með!

- Í námi
- Í starfi
- Í leik
- Í ákvörðunum
- Til góðra verka

Athugasemdir varðandi einstaka stefnuþætti:

**Mat með tilliti til áherslna skólans ásamt tillögum til úrbóta.**

## **Námsaðlögun**

### Stöðumat

Kennarar hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á námsaðlögun og að koma sem best til móts við þarfir

nemenda sinna og eru einstaklingsáætlanir til staðar eftir þörfum. Teymiskennslan hefur nýst nokkuð vel til að nýta styrkleika starfsmanna til að koma sem best til móts við mismunandi þarfir nemenda sinna. Árlega eru gerðar starfsþróunaráætlanir með starfsmönnum í starfsþróunarviðtölum sem endurskoðaðar eru að ári. Góð þróun er í notkun upplýsingatækni innan skólans og flestir nemendur hafa til umráða eigið tæki. Kennsluhættir eru að þróast á fjölbreyttan hátt og oft er unnið með stöðvavinnu/hringekjur. Námsmatið hefur þróast meðvitað í átt að leiðsagnarmati þar sem áhersla er lögð á jákvæða hvatningu og leiðbeiningar til nemenda um hvað betur má fara. Einnig hefur áhersla í námsmati þróast í að vera meira í formi símats. Námsmatið tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur. Á unglingsstigi hefur áhersla verið lögð á sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi, sem hefur gefið góða raun.

### **Tillögur að umbótum**

Leggja þarf áherslu á að starfsáætlanir verði aðgengilegar foreldrum t.d. í fréttabréfum og vikupóstum starfsmanna og á heimasíðu skólans. Gera þarf nemendur meðvitaða um námsáætlanir sínar og gefa þeim á þann hátt fleiri tækifæri til þess að hafa áhrif á nám sitt. Mikilvægt er að nemendur þekki þau markmið sem unnið er að hverju sinni. Með reglulegum nemendasamtölum er hægt að nálgast það markmið. Virkja þarf áhugasvið nemenda betur og leggja þarf á það áherslu að nemendur fái fleiri tækifæri til þess að vinna meira á skapandi hátt í námi sínu. Innleiða þarf að nemendur á miðstigi fylgi námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og auka ábyrgð á eigin námi. Efla þarf þekkingu og skilning á hugtökum um grunnþætti menntunar hjá nemendum og kennurum.

## **Athvarf**

### **Stöðumat**

Í niðurstöðum nemendakönnunar skólalápsins veturinn 2022 - 2023 kemur skýrst fram að nemendur eru ánægðir og líður vel í skólanum og segjast vera í góðum samskiptum við starfsfólk skólans. Jákvæðni og uppbyggileg leiðsögn til nemenda er höfð að leiðarljósi. Reglulega er lagðar fyrir tengslakannanir og leitast er við að bregðast við niðurstöðum með viðeigandi hætti eins fljótt og hægt er. Löðg hefur verið áhersla á að skólahúsnæðið sé snyrtilegt og hreint og að verk nemenda prýði skólann. Vel hefur tekist til að leiðbeina foreldrum og hafa milligöngu um ráðgjöf og fagþjónustu fyrir foreldra. Sjónrænar leiðbeiningar eru áberandi á svæðunum.

### **Tillögur að umbótum**

Leggja þarf áherslu á að aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi; að námssvæði allra aldurs hópa innihaldi m.a. bóka/lestrarkróa, lausnastaði, stærðfræðisvæði, rólegt svæði og hópinnusvæði.

## **Umhyggja og virðing**

### **Stöðumat**

Fræðsla um jákvæðan aga hefur verið að nokkru leiti í skólastarfinu og starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af nokkru öryggi. Verkfæri jákvæðs aga eru notuð til þess að leysa úr ágreiningi og er komin góða þekking og færni þessu tengd hjá starfsfólki sem hefur unnið lengi í skólanum. Skólasáttmáli Naustaskóla er kynntur fyrir starfsfólki og nemendum á hverju hausti, kennarar gera einnig bekkjarsáttmála með sínum nemendum. Bekkjarfundir/Gæðahringir eru á dagskrá 2 -3 í viku hjá hverjum árgangi. Aldurblöndun er enn í þemavinnu og sérgreinum en hún ýtir undir sveigjanleika í hópskiptingum og eflir umburðarlyndi og umhyggju.

### **Tillögur að umbótum**

Halda þarf uppi reglulegri fræðslu í jákvæðum aga til starfsfólks ásamt því að leggja áherslu á að allir starfsmenn séu ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum. Sérstaklega þarf að ítarlegri fræðslu um jákvæðan aga hjá nýju starfsfólki á hverju skólaári. Fylgja þarf eftir með fræðslu framkvæmd á gæðahringjum/bekkjarfundum og leggja áherslu á að þar sé verið að nota hlutverkaleiki til að efla félagsfærni nemenda. Leggja þarf meiri áherslu á að fræðsla um umhverfismál sé veigameiri en verið hefur.

## **Samvinna**

### **Stöðumat**

Teymisvinna og teymiskennsla í Naustaskóla hefur þróast í jákvæða átt frá upphafi Naustaskóla. Allir kennarar kenna í teymum og vinna markvisst saman að undirbúningi kennslu og kenna saman. Á kennarafundum hefur verið lögð áhersla á umræðufundum þar sem ýmisleg ýmiss málefni og umbótamál hafa verið á dagskrá. Skólaráð fundaði reglulega allt skólaárið. Nemendaráð fundaði einnig reglulega og foreldrafélagið var með reglulega fundi. Réttindaráð skólans lét mikið að sér kveða og haldið var velheppnað barnaþing. Allar ákvarðanir er varða starf skólans eru teknar með hliðsjón af stefnu hans. Vikulega eru sendir heima póstar í gegnum forritið Smore en með því að nota það form er hægt að gera upplýsingar og fréttir aðgengilegri. Einnig hefur hið mánaðarlega fréttabréf skólans verið gefið út í Smoreforminu.

### **Tillögur að úrbótum**

Auka þarf samvinnu foreldra og nemenda um námsmarkmið. Mikilvægt er að leggja áherslu á að gera starfsáætlanir aðgengilegar á vef skólans. Einnig er mikilvægt að kynna vel fyrir foreldrum á námskynningum að hausti hvernig námsáætlanir eru uppbyggðar út frá markmiðum og hvernig námsmati er háttáð. Senda þarf starfsáætlanir teyma heim til foreldra með fréttabréfi skólans, vikupóstum kennarateyma og birta á heimasíðu skólans.

Þróa þarf kennsluhætti sem einkennast af samvinnu nemenda. Leggja þarf áherslu á að starfsfólk hafi áhrif á ákvarðanatöku með þátttöku á starfsmannafundum þar sem setja má mál á dagskrá einnig er mikilvægt að taka fyrir á kennara - og starfsmannafundum einstaka þætti skólustefnunnar með markvissum hætti.

## Táp og fjör

### Stöðumat

Segja má að kennsluhættir og framsetning námsefnis stuðli að því að skóladagurinn innihaldi fjölbreytt viðfangsefni. Leitast er við að hafa fjölbreytta félagslega viðburði fyrir nemendur. Gömul hefð að hafa söngsal var tekin upp að nýju.

### Tillögur að úrbótum

Auka þarf söng og tjáningu í námi nemenda. Skipuleggja í samstarfi við foreldrafélagið regluleg bekkjarkvöld og aðstoða foreldra við framkvæmd.

Auka áherslu á útikennslu og stuðla að því að þeir kennsluhættir verði fastir liðir í námi.

## Niðurstöður og tillögur til úrbóta vegna starfsmannakönnunar.

Í Naustaskóla kemur starfsmannakönnunin heilt yfir mjög vel út. Starfsmönnum líður vel á þessum vinnustað og það virðist ríkjandi mikil starfsánægja. Samskipti við stjórnendur eru góð og starfsmenn telja að þeim sé sýndur skilningur varðandi persónulega hagi og ef vandamál koma upp. Ásamt því að fá stuðning stjórnenda í faglegu starfi. Starfsmenn segja einnig að það ríkir góður starfsandi innan stofnunarinnar. Niðurstöðurnar eru því afskaplega ánægjulegar og góð hvatning til þess að halda áfram á sömu braut og gert hefur verið til að efla fagmennsku og starfsánægju starfsmanna.

Nokkur atrið komu þó í ljós sem þarf að lagfæra.

Nokkrum starfsmönnum fannst móttaka nýrra starfsmanna ábótavant. Því er nauðsynlegt að endurmeta verklag vegna móttöku nýrra starfsmanna.

Lítið er kvartað undan álagi í starfi en starfsfólk telur sig ekki fá nægar upplýsingar um umfang og eðli þess starfs sem það er ráðið í og kallar eftir frekari upplýsingum og eftirfylgd.

### Úrbætur og eftirfylgd.

Úrbætur	Tími	Ábyrgð
Kynning á eineltisáætlun Akureyrarbæjar	Starfsmannafundir í ágúst og mars ár hvert.	Stjórnendur Naustaskóla
Kynning á jafnréttisáætlun Naustaskóla	Starfsmannafundir í ágúst og mars.	Stjórnendur Naustaskóla
Regluleg námskeið í jákvæðum aga fyrir allt starfsfólk.	Námskeið í ágúst – september, Janúar – regluleg eftirfylgd á starfsmannafundum. Ár	Stjórnendur Naustaskóla, Starfsfólk

	hvert.	
Verklag vegna móttöku nýrra starfsmanna.	Verlag birti í starfsáætlun ár hvert og kynnt á starfsmannafundi í ágúst á hverju skólaári.	Stjórnendur Naustaskóla